



Það þarf að koma frá hjartanu

*Lokaskýrsla vegna Þróunarverkefnisins
Lífsleikni í leikskóla 2001- 2004*

Eftirfarandi kaflafyrirsagnir og millifyrirsagnir, eru sóttar í bókina *Íslensk orðsnilld*. Fleg orð úr íslenskum bókmenntum. 5. prentun 1998. Ingibjörg Haraldsdóttir ritstýrði. Reykjavík, Mál og menning.

Hjartað heimtar meira en húsnaði og brauð. Davíð Stefánsson. Dalabóndi.

Aðgát skal höfð í nærveru sálar. Einar Benediktsson. Einræður Starkaðar.

Lengi man það er ungur getur. Gunnlaugs saga Ormstungu.

Það verður tamast sem í æskunni nemur. Grettis saga.

Það mun verða fram að koma sem ætlað er. Njáls saga.

Mynd á forsiðu; Kristján Már Guðmundsson, Hrund Birgisdóttir, Heiðbjört Anna Guðmundsdóttir, leikskólanum Sunnuból. Ljósmyndari Sigríður Fossdal leikskólakennari.

Verkefnisstjórar leikskólanna

Leikskólinn Krógaból;

Sonja Kro, leikskólakennari með deildarstjórn

Leikskólinn Síðusel;

Guðrún Hafdís Óðinsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri

Leikskólinn Sunnuból;

Hanna Berglind Jónsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri

Bestu þakkir til barna, kennara og foreldra leikskólanna Krógabóls, Síðusels og Sunnubóls, án þeirra hefði ekki verið neitt þróunarverkefni.

Það er með öllu óheimilt að ljósrita skýrsluna að hluta eða öllu leyti.

Höfundur skýrslu
Sigríður Síta Pétursdóttir

Háskólinn á Akureyri
2004

Hringtjörn

Hringtjörn brotnaði
og fuglarnir leiðir.
Þeir geta ekki syndað
og fljúgað.

Höfundur Pétur Ívar 3 ára, leikskólanum Síðuseli

Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður	i
1. Inngangur	2
Að kenna dygð.....	3
Þátttakendur	4
2. Lífsleikni.....	5
3. Hjartað heimtar meira en húsnaði og brauð.....	7
Loris Malaguzzi.....	7
Howard Gardner	8
Daniel Goleman	8
William Damon	9
Fyrirmyndin er mikilvæg.....	10
Sýnileg hlustun	11
4. Framkvæmdin	13
Leshópar	14
Sameiginlegir skipulagsdagar.....	14
Fyrirlestrar, námskeið og ráðstefnur.....	15
Framgangur verkefnisins	15
Handbrúður	17
Nálgun starfsmannahópsins.....	17
5. Mat á verkefninu.....	19
Uppeldisfræðilegar skráningar	19
Myndbandsskráning.....	19
Hópviðtöl	19
Viðtöl	20
Aðgát skal höfð í nærveru sálar.....	21
6. Hefur markviss siðferðisumræða áhrif ?.....	22
Vingjarnleiki, virðing, hófsemi, glaðværð.....	23
Hugrekki, hjálpsemi, þolinmæði og sköpunargleði.....	26
Kurteisi, áreiðanleiki, samkennd og ábyrgð.	32
Að ná stjórn á sér	37
7. Það verður tamast sem í æskunni nemur.....	40
Raddir foreldra.....	40
Raddir kennara.....	43
Mismunandi leiðir farnar	45

Opna umræðan hefur verið til góðs	47
Gerðirnar segja meira en orðin	48
Raddir verkefnisstjórnanna.....	50
8. Það mun verða fram að koma sem ætlað er.....	52
Að lokum	56
9. Hvað svo?.....	58
Heimildir	59
Listi yfir heimasíður	61
Listi yfir fylgiskjöl.....	62

Hugrekki

Ég mæti ýmsu
sem ótta vekur,
þá um minn huga fer,
löngun til þess
að leggja á flóttu,
en læt það ekki
eftir mér.

Höf. ókunnur

Helstu niðurstöður

Börn á leikskólaaldri eru fær um að tileinka sér notkun dygðahugtaka og setja þau í samhengi við daglegt líf.

Börn á leikskólaaldri eru fær um að virða óskir annarra og að leysa úr ágreiningi á jákvæðan hátt.

Virðing fyrir hugmyndum, verkefnum og skoðunum annarra jókst á meðal leikskólakennara og annarra starfsmanna, meðan á verkefninu stóð.

Skipulega siðferðisumræðan virðist hafa haft áhrif á agann. Börnin virðast vera meðvitaðri um hvað sé rétt og rangt.

Verkefnið hefur skilað sér til hinna fullorðnu, þannig að kennarahópurinn virðist vera agaðri og meðvitaðri um tilfinningar sínar og viðhorf.

Hinir fullorðnu hafa ekki síður lært að setja orð á tilfinningar sínar og aga sig. Kennarahópurinn telur sig meðvitaðri um orð sín og æði.

Áhrif verkefnisins hafa verið margþætt, auk áhrifa á börnin, foreldrana og heimilislífið, hefur verkefnið leitt til breytinga á framkomu og hegðun kennaranna.

1. Inngangur

Í lögum um leikskóla¹ og *Aðalnámskrá leikskóla*² er lögð áhersla á að börn séu fær um að taka virkan þátt í því lýðræðisþjóðfélagi sem þau búa í. Undir það ber leikskólanum að búa þau, eftir bestu getu.

Lífsleikni er einn af námsþáttunum sem *Aðalnámskrá leikskóla* leggur áherslu á í leikskólastarfi.

Lífsleikni byggist á alhliða þroska barns, færni þess til samskipta, rökrænnar tjáningar og til að bera virðingu fyrir umhverfi sínu. Í leikskóla ber að efla lífsleikni barna með því að rækta þá þroskaþætti sem ræddir eru í kaflanum um leiðir að markmiðum. Lífsleikni felst m.a. í því að virða reglur. Leikskóli skal setja reglur sem gilda eiga í barnahópi og skýra tilgang þeirra fyrir börnum.³

Í leikskóla er mikilvægt að efla lífsleikni barna með því að rækta alla þroskaþætti þeirra. En hvað er lífsleikni, verður hún kennd og ef svo er hvernig?

Leikskólarnir Krógaból, Síðusel og Sunnuból á Akureyri, ákváðu að vinna með lífsleikni sem útgangspunkt í þróunarverkefni sem þeir lögðu af stað með haustið 2001. Markmið verkefnisins var að efla siðferðisvitund barna og fullorðinna, í gegnum vinnu með dygðir, í þeim tilgangi að verða bæði góð og fróð manneskja. Önnur markmið voru að auka á virðingu fullorðinna fyrir tilfinningum barna, að efla samkennd barna, að börnin læri að þekkja muninn á réttu og röngu og að börnin tengi orsök og afleiðingu. Spurningin sem gengið er út frá í verkefninu er: Hefur skipuleg siðferðisumræða með leikskólabörnum áhrif á aga í leikskólastarfi?

Daniel Golemann segir í bók sinni *Tilfinningagreind*, að það sem nútímasamfélag hafi fyrst og fremst þörf fyrir sé að þegnar þess séu færir um að hafa taumhald á sjálfum sér og að vera færir um að hafa samúð með öðrum.⁴

1 Lög um leikskóla, nr. 78/1994

2 *Aðalnámskrá leikskóla*, 1999

3 *Aðalnámskrá leikskóla*, 1999:16

4 Goleman, 1995:12

Að kenna dygð

Í grein sinni *Að kenna dygð* vitnar Kristján Kristjánsson í *Menón* sem á að hafa spurt Sókrates;

Geturðu sagt mér, Sókrates, verður dygðin kennd? Eða verður hún ekki kennd, heldur æfð? Eða verður hún hvorki æfð né lærð, heldur inngefin mönnum af náttúrunni eða á einhvern annan hátt?⁵

Framkoma leikskólakennarans gagnvart barni ræður miklu um það hvernig barnið tileinkar sér leiðsögn hans og að hve miklu leyti kennsla og umönnun stuðlar að styrkari sjálfsmynd og trú þess á eigin getu.⁶ En spurningin er, verða dygðir kenndar?

Barn í leikskóla á daglega í samskiptum við tugi annarra bæði börn og fullorðna, það getur skipt sköpum hvernig þau samskipti eru, því er mikilvægt að barn læri frá fyrstu tíð hvernig ánægjuleg samskipti eru, því eins og máltækið segir; „lengi býr að fyrstu gerð.“ Rannsóknir hafa sýnt hversu mikilvægt það er að hinn fullorðni sé meðvitaður um þau áhrif sem hann hefur á leik og nám barna sem fyrirmyndar bæði í orði og æði.⁷ Það er hverjum manni mikilvægt að þekkja eigið sjálf og að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, að vera leikinn þátttakandi í lífinu. Því varð lífsleikni, með áherslu á siðfræði og innleiðingu dygða ofan á þegar leikskólastjórar leikskólanna Síðusels, Sunnubóls og Krógabóls tóku sig saman haustið 2000 um að fara af stað með þróunarverkefni í þeim tilgangi að taka á agamálum innan leikskólans. Litið er til þess að undirstaða lífsleikni sem námsgreinar er rækt við persónulega mannkosti einstaklingsins og alhliða þroska hans.⁸

Undirbúningur undir þriggja ára þróunarverkefnið, þar sem einum árgangi barna (1999) yrði fylgt eftir, hófst í desember 2000. Sótt var til Skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri (HA) um verkefnisstjórn, auk þess voru skipaðir verkefnisstjórar í hverjum leikskóla. Dr. Kristján Kristjánsson heimspekingur og prófessor við kennaradeild Háskólans á Akureyri tók að sér að vera faglegur ráðgjafi við verkefnið. Verkefnisstjórnarnir fjórir hittust frá desember og fram í mars til að móta

⁵ Kristján Kristjánsson, 1993:25

⁶ Kristín Aðalsteinsdóttir, 1996:62-67

⁷ Ekholm og Hedin, 1993

⁸ Kristján Kristjánsson, 2001:81

verkefnið. Sett voru markmið með þróunarverkefninu, einnig voru gerð markmið fyrir börn og kennara⁹. Markmiðin miða að því að styðja við hið góða í einstaklingnum.

- o Að auka virðingu fullorðinna fyrir tilfinningum barna
- o Að efla samkennd barna
- o Að börn læri að þekkja muninn á réttu og röngu
- o Að börn tengi orsök og afleiðingu

Þróunarverkefnið hófst formlega í ágúst 2001, með sameiginlegum skipulags- og námskeiðsdegi leikskólanna þriggja, verkefninu lauk svo formlega þann 8. maí 2004 í KA- heimilinu á Akureyri þar sem börn, kennarar og foreldrar leikskólanna þriggja áttu saman skemmtilegan dag við söng og gleði.

Þróunarverkefnið hefur hlotið styrki úr Kristnihátíðarsjóði, Þróunarsjóði leikskóla og úr þróunarsjóði Akureyrarbæjar.

Þátttakendur

Ytri verkefnisstjórn var í höndum sérfræðings frá skólaþróunarsviði HA. Leikskólarnir sem tóku þátt í verkefninu eru þrír af leikskólum Akureyrarbæjar, leikskólarnir Krógaból, Bugðusíðu 1, Síðusel, Kjalarsíðu 3 og Sunnuból, Móasíðu 1. Nokkrar breytingar urðu á leikskólunum á meðan á verkefninu stóð. Auk hefðbundinnar starfsmannaveltu skólanna fjölgaði börnum bæði í Krógabóli og Sunnubóli, þannig að í báðum tilfellum bættist í þann starfsmannahóp sem hóf vinnu við verkefnið í upphafi.

Þrjú ár eru síðan hafist var handa við þróunarverkefnið Lífsleikni í leikskóla. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir framkvæmd verkefnisins og mat lagt á árangur þess. Leitast er við að svara þeirri meginspurningu verkefnisins hvort skipuleg siðferðisumræða með leikskólabörnum hafi áhrif á aga í leikskólastarfi?

⁹ sjá fylgiskjal 1

2. Lífsleikni

Lífsleikni sem hugmyndafræði í menntun, á rætur að rekja u.þ.b. 2300 ár aftur í tímann allt til Platós og Aristótelesar.¹⁰ Forn-Grikkir veltu því fyrir sér hvað það væri sem gerði menn góða. Aristóteles hélt því m.a. fram að góður maður væri dygðugur, því varði hann miklum tíma í að ræða dygðir eins og hugrekki, sjálfstjórn og sannsögli. Samkvæmt Aristóteles er dygð persónueiginleiki sem liggur mitt á milli tveggja öfga. Tökum hugrekki sem dæmi þar sem fíflDIRfska er öfgar í aðra áttina en hugleysi í hina. Aristóteles taldi almennt að dygðugum mönnum tækist að haga lífi sínu farsællega.¹¹ Samkvæmt íslenskri orðabók merkir orðið dygð góður siðferðilegur eiginleiki, siðgæði, mannkostir, trúmennska.¹²

Í samfélagi manna eru eiginleikar eins og heiðarleiki, sanngirni og umburðarlyndi mikilvægir svo hægt sé að eiga í jákvæðum samskiptum. Það að agaleysi og ofbeldi í skólum virðist hafa aukist hefur haft þau áhrif að umræður um siðfræði eru endurvaktar. Bent hefur verið á að börn hafa þörf fyrir siðferðisleg gildi og að það sé hlutverk skóla og uppalenda að leggja grunn að þeim.¹³ Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla felst lífsleikni m.a. í því að virða reglur. Leikskóli skal setja reglur sem gilda eiga í barnahópi og skýra tilgang þeirra fyrir börnunum. Styðja þurfi börn í að virða settar reglur og gefa þeim kost á að leysa úr eigin málum og deilum á friðsamlegan hátt.¹⁴ Grunnur að góðu lífi er að börnum sé kennt að taka ákvarðanir og að breyta eftir þeim. Undir þetta tekur Kristján Kristjánsson, þegar hann segir að það þurfi að:

[...] gefa sem flestum kost að ná sem mestum þroska, að verða sem best eintök af tegundinni maður, miðað við þá möguleika sem búa í hverjum og einum. Slíkt sé kjarni hins góða lífs.¹⁵

Aukin umræða og breytt viðhorf um siðferði hefur vakið áhuga foreldra og leikskólakennara um gildi siðfræðinnar í menntun.

¹⁰ Kristján Kristjánsson, 2001:83

¹¹ Rachels, 1997:209-216

¹² Tölvuorðabókin. 2000. Útg. 4,1

¹³ Bohlin, Farmer og Ryan, 2001:xi

¹⁴ Aðalnámskrá leikskóla 1999:16

¹⁵ Kristján Kristjánsson, 1997:220

Í aðalnámskrá leikskóla segir að til að öðlast lífsleikni þurfi barnið að læra:

undirstöðuatriði heilbrigðs lífs og lífsviðhorfa í samneyti við jafningja í leik og starfi
að bera virðingu fyrir öðrum
að sýna umburðarlyndi gagnvart ólíkum skoðunum, ólíkri menningu og reynslu
að þekkja sinn innri mann og styrkja sjálfstraust sitt
að auka færni sína til samskipta og umgengni við félagana
að beita röklegri hugsun, spyrja spurninga og leita svara
að virða lífsgildi, venjur og hefðir sem ríkja í leikskólanum og samfélaginu
að í samskiptum manna er nauðsynlegt að hafa reglur sem ber að virða
að bera virðingu fyrir náttúrunni – umhverfinu, dýrum og jurtum.¹⁶

Kannanir meðal foreldra leikskólabarna sýna að það sem þeim finnst mikilvægast að barnið þeirra þjálfist í séu þættir eins og tillitsemi, að fara eftir reglum, að nota samræður til að leysa ágreining, að hlusta á aðra, að finna sjálft ánægjuna sem felst í verkinu, að færa hugsanir sínar í orð og að hjálpa öðrum.¹⁷ Áhersluþættir *Aðalnámskrár leikskóla*, samræmast vel niðurstöðum úr þessum könnunum.

¹⁶ *Aðalnámskrá leikskóla*, 1999:17

¹⁷ Guðrún Alda Harðardóttir, 2000:22-24. Einnig Sigríður Síta Pétursdóttir, 2002:23

3. Hjartað heimtar meira en húsnæði og brauð

Fagleg útfærsla sem lögð var til grundvallar þróunarverkefninu lífsleikni í leikskóla, byggir á, eins og áður sagði, rannsóknum sem hafa verið gerðar á siðferðis- og félagsþroska, tilfinningagreind barna og kenningum sem hafa verið settar fram um sama efni. Sameiginlegt þessum kenningum er að leikskólinn ætti að veita hverju barni tækifæri til að þroska:

- hæfileikann til að tjá hugsanir sínar og skoðanir og þar með vera við stjórnvölin í eigin lífi
- hæfileikann til að taka ábyrgð á gerðum sínum og umhverfi
- hæfileikann til að skilja og bregðast við á málefnalegan (lýðræðislegan) hátt, með því að taka þátt í margvíslegum samskiptum og ákvörðunum.

Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir þeim kenningum og hugmyndum sem gengið er út frá.

Loris Malaguzzi

Loris Malaguzzi, í samstarfi við foreldra, kennara og börn, þróaði hugmyndafræði sem felur m.a í sér að virkja mannauð barna, kennara og foreldra. Áhersla er lögð á að kennarar og börn rannsaki saman í þeim tilgangi að verða betri og færari í að nýta alla hæfileika sína og möguleika til fullnustu. Mikilsvert er að styrkja samband milli kennara, barna og foreldra, en ekki síður að styrkja vitund barnsins um það sjálft og tengsl þess við samfélagið. Virðing fyrir rannsóknum barna, samvinnu, hæfileikum þeirra til að hugsa, skipuleggja, gagnrýna og læra af því sem þau gera, er aðalsmerki hugmyndafræðinnar. Horft er á hvern einstakling út frá styrk hans og hæfileikum og byggt þar ofan á, mannauðshugsun þar sem mikil trú er á möguleika einstaklingsins.¹⁸ Malaguzzi lagði mikla áherslu á uppeldisfræðilega skráningu á því sem fram fer í leikskólanum. Skráningin leiðir til aukins skilnings á hugar- og samskiptaheimi barna og aðferðum þeirra við að tileinka sér þekkingu.¹⁹ Virðingin fyrir einstaklingnum styrk hans og hæfileikum er það sem máli skiptir, börn eiga rétt á því að vera virk í að

¹⁸ Edwards, Gandini og Forman, 1998:49-97

¹⁹ Guðrún Alda Harðardóttir, 2001:36

skapa eigin sjálfsmynd, sjálfstæði og hæfni. Kennarinn þarf að vera meðvitaður um áhrif sín og á hvaða hátt hann getur nýtt sér þau sem fyrirmynd í samskiptum.

Howard Gardner

Howard Gardner setti fram kenningu um fjölþáttagreind þar sem hann telur að til séu átta greindir, jafnvel níu. Með kenningunni um fjölgreindir er reynt að víkka sýnina á möguleika einstaklingsins, að greind snúist fremur um hæfileika til að leysa þrautir annars vegar og hins vegar að hanna afurðir í samspili við umhverfið.²⁰ Greindirnar eru málgreind, rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind, líkams- og hreyfigreind, tónlistargreind, samskiptagreind, sjálfsþekkingargreind og umhverfisgreind, Gardner telur að greindirnar verði virkar þegar einstaklingurinn er að fást við það sem skiptir máli.²¹ Samkvæmt Gardner eru það þrjú meginatriði sem ráða því hvort greindirnar geti þróast, það eru: líffræðileg hæfni sem felur í sér arfgenga eða erfðafræðilega þætti, einstaklingsbundin lífssaga sem felur í sér reynslu tengda fjölskyldu, vinum og kennurum og að síðustu menningarlegur og sögulegur bakgrunnur sem felur í sér hvenær og hvar einstaklingur fæðist og er alinn upp.²² Það er samtvinnun þessara atriða sem skiptir máli fyrir einstaklinginn, fjölgreindarkenningin leggur að jöfnu uppeldi og eðli hvað varðar þróun greinda.²³

Gardner talar um reynslu sem virkjar og lamar greindir,²⁴ kennarinn er áhrifavaldur í lífi barnsins ekki síður en foreldrarnir, sýn hans og viðhorf hafa því áhrif á hvort greindir barnsins eru tendraðar eða lamaðar. Hinn fullorðni hvort sem það er kennarinn eða foreldrar eru mikilvægar fyrirmyndir barnsins.

Daniel Goleman

Daniel Goleman hefur um árabil skrifað, um heilastarfsemi og hegðun, í *The New York Times*. Árið 1995 gaf hann út bókina *Tilfinningagreind* (Emotional Intelligence), þar sem kemur skýrt fram að góð tilfinningagreind hjálpar til við öll mannleg samskipti. Ef lögð er rækt við tilfinningagreind einstaklingsins allt frá fæðingu fá

²⁰ Armstrong, 2001:13-14

²¹ Armstrong, 2001:16

²² Armstrong, 2001:29

²³ Armstrong, 2001:30

²⁴ Armstrong, 2001:30

hæfileikar hvers og eins að njóta sín. Fólk sem hefur góða tilfinningagreind hefur góða sjálfsvitund, sjálfstjórn, félagslega hæfni, einbeitingu og sjálfsaga. Goleman hefur haldið því fram að það að vera félagslega læs á umhverfi sitt skipti ekki minna máli og geti vegið þyngra en svokölluð greindarvísitala. Í þjóðfélaginu í dag skipta mannleg samskipti, næmni og samkennd miklu máli, þess vegna þarf að styrkja einstaklingin í að vera góður hið innra svo hann verði hamingjusamur og eigi farsælt líf.²⁵

Það skiptir máli að kennarinn sé vakandi yfir tækifærunum í leik barnanna til að þau þrói með sér næmni í samskiptum, verði félagslega læs.

William Damon

William Damon hefur rannsakað siðferðisþroska barna og unglinga. Í bókinni *The Moral Child* segir frá rannsókn á siðferðisþroska ungra barna. Damon telur að mjög ung börn séu fær um að sýna samkennd allt niður í nokkurra daga eða mánaða, það megir t.d. merkja af gráti þeirra þegar þau eru með öðru barni sem grætur, að þau séu að sýna siðferðislegan stuðning. Damon kallar það „precursory signs“, sem væri hægt að þýða sem merki þess að barnið væri farið að sýna samkennd, einhvers konar undanfari þeirrar dygðar.²⁶

Niðurstöður rannsókna Damon benda allar til þess sama; börn eru færari en haldið er í að leysa siðferðisleg vandamál og að hægt er að örva siðferðisþroska þeirra mun fyrr en gert hefur verið. Í ljósi þessara niðurstaðna er sýnt að leikskólinn getur hæglega eftt markvisst siðferðisþroska barna, með siðferðislegri umræðu. Því fyrr því betra, svo rétt hugsun og hegðun barns geri það að betri manneskju. Damon styður það eindregið að siðferðiskennd barna sé örvuð allt frá unga aldri. Besta leiðin til að örva siðferðiskennd ungra barna er í gegnum leikinn, í daglegum samskiptum barna og fullorðinna, t.d. í skipulögðum samveru- og vinastundum þar sem lesnar eru sögur og leikin leikrit.

²⁵ Goleman, 1995

²⁶ Damon, 1988:14

Fyrirmyndin er mikilvæg

Að framansögðu er ljóst að áhrif foreldra og kennara skipta miklu máli þegar efla skal siðferðisþroska ungra barna. Það er mikilvægt hlutverk leikskólakennarans að vera fyrirmynd bæði í orði og æði. Rannsóknir hafa sýnt að orð koma 10% skilaboða áleiðis, tónninn eða raddblærinn 35% og líkamstjáningin og svipbrigðin 55%.²⁷ Af því má ljóst vera að það skiptir máli að hinn fullorðni sé meðvitaður um hvernig hann kemur skilaboðum frá sér, að það gæti samræmis í því sem er sagt og hvernig það er sagt. Flestir leikskólakennarar er meðvitaðir um hlutverk sitt sem fagmanns í samskiptum sínum við börn og foreldra, það eru samskiptin og samræðurnar sem eiga sér stað milli hinna fullorðnu, þegar börnin eru í frjálsa leiknum, í útiverunni og á kaffistofunni sem þarf að gæta að.²⁸

Í leikskólanum er verið að rannsaka lífið og velta fyrir sér tilverunni. Börnin eru að læra um samkennd og samskipti, um það að vera einstaklingur sem spyr til að leita svara. Á hverjum degi gefst tækifæri til að efla siðferðis- og félagsþroska barnanna, auka sjálfsvitund þeirra og styðja þau í að öðlast innri aga, svo þau geti svarað á sama hátt og fjögurra ára stúlka sem var spurð að því hvernig hún vissi hvað væri rétt og hvað væri rangt, „hugurinn segir mér það“.

Að læra að deila með öðrum er félagslegt athæfi sem snýst ekki um að vera „góður“, heldur er það leið til að komast í kynni við aðra og að eiga eitthvað sameiginlegt með öðrum. Barn sem bíður öðru barni afnot af leikfanginu sínu er að skapa aðstæður til að kynnast nánar með því að leika saman.²⁹ Eins og leikfang barnsins er beita til að skapa ánægjuleg samskipti, eru hugmyndir kennaranna beita til að skapa ánægjulegt og skapandi samstarf. Hugmyndaauði er einkenni í skapandi andrúmslofti. Þróun og nýbreytni í leikskólastarfi þarfnast þess að leikskólakennararnir finni sig örugga og að það sé hlustað á hugmyndir þeirra, að hópurinn standi að baki þeim.³⁰ Að vera fyrirmynd er hlutverk sem tekur aldrei enda, t.d. skipta umræðurnar á kaffistofunni máli og hvernig brugðist er við þegar á bjátar.

²⁷ Gossen, 1996:38

²⁸ Gren, 2001:179

²⁹ Damon, 1988:32

³⁰ Ekholm og Hedin, 1993:49

Sýnileg hlustun

Uppeldisfræðileg skráning er aðferð til gagnaöflunar, aðferð til að auka skilning okkar á því sem er að gerast í leikskólanum.³¹ Uppeldisfræðileg skráning er þýðing á orðinu *pedagogisk dokumentation*. Skráning er fyrst og fremst tæki til að skilja og læra að þekkja börnin og þeirra hugarheim, hvaða leiðir þau fara við að afla sér þekkingar.³²

Carla Rinaldi, ítalskur uppeldisfræðingur, hefur bent á að kennarar þurfi að átta sig á því að þeirra mesti hæfileiki í starfi er að læra hvernig á að kenna, þeir þurfi að kunna að athuga, skrá og túlka námsferli barnanna. Uppeldisfræðileg skráning er sýnileg hlustun, sem ekki aðeins ber vott um hvaða leið börn fara til að læra og hvaða ferli þau ganga í gengum, heldur gerir ferlið sýnilegt.³³ Skráningin felur það í sér að skráð er það sem börnin segja og gera. Verk barnanna eru skráð og skoðað er hvernig þau vinna verkið.³⁴ Skráningin gefur tækifæri til að gera starf barnanna og leikskólans sýnilegt og að skilja hvað er að gerast í vinnunni með börnum, auk þess sem hún endurspeglar vinnu kennarans með börnunum.³⁵

Uppeldisfræðileg skráning er áhrifaríkt verkfæri sem byggist á sameiginlegri vinnu milli barnanna, kennara og foreldra.³⁶ Sem aðferð getur skráningin aldrei verið aðskilin frá þátttöku kennarans, hann velur hvað hann vill skrá en um leið og hann velur eitt hafnar hann öðru. Þegar kennari skráir myndar hann tengsl við börnin.³⁷ Af fyrrgreindu má draga þá ályktun að þegar kennari skráir og fylgist með börnunum í leik og námi þá myndi hann ekki aðeins tengsl við börnin heldur einnig við námsferli þeirra. Ekki er gerlegt að skrá allt sem börnin segja og gera, þá er hætt á að kennarar drukknar í upplýsingum sem erfitt er að vinna úr. Að skrá allt er auk þess tilgangslaust, mikilvægt er að leggja fram spurningu áður en byrjað er að skrá þannig að kennarinn sé meðvitaður um hvað hann ætlar að skoða.³⁸ Skráning getur sýnt hvað barn kann,

³¹ Guðrún Alda Harðardóttir, 2001:34-35

³² Kennedy, 1999:76

³³ Rinaldi, 2001:83

³⁴ Guðrún Alda Harðardóttir, 2001:35

³⁵ Dahlberg, 2002:218-221

³⁶ Taguchi, 1997:15

³⁷ Dahlberg, 2002:219

³⁸ Kennedy, 1999:75

hvernig það lærir og hugsar en einnig er hún góð aðferð leikskólakennarans til að skoða sjálfan sig í starfi.³⁹



³⁹ Guðrún Alda Harðardóttir, 2001:35-36

4. Framkvæmdin

Til að nálgast viðfangsefnið Lífsleikni í leikskóla, var farin sú leið að vinna markvisst út frá tólf dygðum, sem skipt var niður á skólaárin á eftirfarandi hátt:

Skólaárið 2001 - 2002 Vingjarnleiki, virðing, hófsemi og glaðværð.

Skólaárið 2002 - 2003 Hugrekki, hjálpssemi, þolinmæði og sköpunargleði.

Skólaárið 2003 - 2004 Kurteisi, áreiðanleiki, samkennd og ábyrgð.

Kostirnir við dygðirnar sem valdar voru eru að þær eru sammannlegar og að allir geta verið sammála um að þær eru persónueiginleikar sem við viljum sjá birtast hjá hverjum einstaklingi, allir geta því tekið þátt í að iðka þær af heilum hug. Persónueiginleikar hvers og eins eru samsettir úr góðum siðum hans, eða dygðum og ósiðum eða löstum.⁴⁰ Það fer svo eftir því hvernig við bregðumst við þegar á reynir hvað verður ofan á. Það er það sem gerir einstaklinginn að því sem hann er.

Lögð var á það áhersla frá upphafi að lífsleiknin yrði hluti af daglegu starfi leikskólanna en ekki viðbót. Leitast hefur verið við að lífsleiknin væri hluti af frjálsa leiknum og verkefnum barna og leikskólakennara. Áhersla hefur verið lögð á að börn og fullorðnir lærðu að bera virðingu fyrir öðrum, sýndu umburðarlyndi gagnvart ólíkum einstaklingum, skoðunum og reynslu. Í *Aðalnámskrá leikskóla*⁴¹ er kveðið svo á um að lífsleiknin fléttist inn í flesta þætti daglegs lífs leikskólabarnsins. Því var gert ráð fyrir því að dygðirnar yrðu sem rauður þráður í gegnum allt daglegt starf, auk þess var í hópa- og vinastundum lagt upp með verkefni og umræður sem tengjast dygðunum á einn eða annan hátt. Þar sem gert er ráð fyrir að allir hafa hið góða í sér og möguleika til að verða betri, verða höfuð, hjarta og hönd að vinna saman.⁴²

Fagleg útfærsla sem lögð er til grundvallar þróunarverkefninu byggir, eins og áður segir, á rannsóknum sem hafa verið gerðar á siðferðis- og félagsþroska og tilfinningagreind barna og kenningum sem hafa verið settar fram um sama efni. Það sem er sammerkt með þessum fræðum er að einstaklingurinn á að vinna út frá hæfileikum sínum og styrk, í þeim tilgangi að verða bæði góður og fróður.

⁴⁰ Bohlin og Ryan, 1997:9

⁴¹ *Aðalnámskrá*, 1999:16

⁴² Bohlin og Ryan, 1999:7

Leikskólakennararnir öfluðu gagna um framvindu verkefnisins á meðan á því stóð m.a. með því að beita uppeldisfræðilegri skráningu, þar sem skráð voru niður samskipti barnanna, bæði í skipulögðu starfi og í frjálsum leik, skráð niður framkvæmd vina- og samverustunda, haldið utan um hvaða bækur og vísur og söngvar voru notaðar m.a. til að skapa umræður, einnig voru gerðar kannanir meðal starfsfólks og foreldra, kallað saman í rýnihópa og viðtöl.

Leshópar

Í hverjum leikskóla voru starfandi les- og umræðuhópar, sem allir kennarar leikskólanna tóku þátt í, hver og einn las fyrirfram ákveðið efni sem tengdist þróunarverkefninu á einhvern hátt. Það var misjafnt milli leikskóla hversu oft hóparnir hittust, allt frá því að vera einu sinni í mánuði í að hittast tvisvar á önn, 45 mínútur í senn. Lesnar voru bækur eða kaflar úr bókum ásamt greinum, sem fjalla um tilfinningagreind eða siðferðisþroska. Tilgangurinn var að dýpka skilning leikskólakennara og starfsfólks og auðga umræðuna um siðferðisþroska og tilfinningagreind.

Flestir voru ánægðir með að fá tækifæri til að taka þátt í les- og umræðuhópum, þar sem gafst tækifæri til að ræða um skilning hvers og eins á dygðum og hvaða leiðir væri hægt að fara í vinna með börnunum, um leið og þeim lærðist að þekkja sjálfan sig, kosti sína og galla.

Sameiginlegir skipulagsdagar

Á hverju ári þessi þrjú ár, héldu leikskólarnir sameiginlega skipulagsdaga, þar sem kennarar og annað starfsfólk leikskólanna, hlýddu á fyrirlestra og tók þátt í umræðum, um siðferðisþroska og siðferðiskennslu, um tilfinningagreind og heimspeki með börnum.

Á hverri önn hittust kennarar leikskólanna og unnu saman að mótun næstu annar, þ.e. nánari útfærslu á framkvæmdaráætlunum og samræmdu vinnubrögð. Í könnunum sem gerðar voru á meðan á verkefninu stóð, kom fram almenn ánægja kennara með að fá tækifæri til að hittast svona þvert á leikskóla og bera saman bækur sínar.

Fyrirlestrar, námskeið og ráðstefnur

Á hverju ári hafa kennarar leikskólanna sótt námskeið og fyrirlestra í tengslum við þróunarverkefnið. Má þar nefna, fyrirlestur um heimspeki með börnum, námskeið í uppeldisfræðilegum skráningum og fyrirlestra um siðferði í starfsmannahópnum svo eitthvað sé nefnt.

Verkefnisstjórar hafa haldið fyrirlestra um framvindu þróunarverkefnisins víðsvegar um land. Auk þess voru haldnar tvær ráðstefnur um verkefnið á meðan á því stóð, fyrri ráðstefnan var haldin í mars 2002.⁴³ Þar var fjallað á fræðilegan hátt um siðfræði og tilfinningaþroska. Seinni ráðstefnan var haldin í febrúar 2004⁴⁴ en á þeirri ráðstefnu var leitast við að tengja saman lífsleikni og listir. Báðar ráðstefnurnar voru vel sóttar af kennurum og foreldrum auk annarra gesta.

Í tengslum við ráðstefnu Íslensku menntasamtakanna, í ágúst 2003 var þróunarverkefninu veitt viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í menntamálum, verðlaunin voru góð hvatning til hópsins um að gera enn betur.



Framgangur verkefnisins

Þróunarverkefninu var skipt í nokkra verkþætti. Til að byrja með fór mestur tími í að útbúa spurningalista, skoða stöðuna og annan undirbúning, einnig að útbúa ramma fyrir starfsfólk að vinna eftir. Hverju skólaári var skipt upp í nokkur tveggja mánaða tímabil, þar sem ein dygð var tekin fyrir í einu. September og janúar voru notaðir til undirbúnings og samræmingar á vinnubrögðum milli leikskólanna. Um leið og byrjað var að vinna með nýja dygð, var dygðavísir⁴⁵ sendur heim með börnunum. Verkefnisstjórar leikskólanna þýddu dygðavísana úr bókinni *The family virtues guide*.⁴⁶ Dygðavísarnir eru hugsaðir sem leiðbeining fyrir foreldra og kennara og til að gefa hugmyndir um hvernig hægt er að fjalla um eða vinna með hverja dygð.

⁴³ sjá fylgiskjal 2

⁴⁴ sjá fylgiskjal 3

⁴⁵ sjá fylgiskjal 4

⁴⁶ Popov, 1997

Í könnun sem lögð var fyrir allt starfsfólk leikskólanna þriggja á skipulagsdeginum 31. ágúst 2001,⁴⁷ kom fram að starfsfólk hlakkaði til að takast á við þróunarverkefnið og hafði miklar væntingar til þess. Foreldrar svöruðu sams konar könnun í októbermánuði 2001. Af þeim 230 foreldrum sem þátt tóku svöruðu 198 því til að þeir hefðu miklar eða mjög miklar væntingar til verkefnisins. Í sömu könnunum var lagður fyrir listi,⁴⁸ sem Guðrún Alda Harðardóttir, lektor við leikskólabraut kennaradeildar HA samdi, þar sem spurt er hvaða þætti ætti að leggja mesta áherslu á í starfinu með börnunum. Niðurstöður sýna að foreldrum og kennurum finnst mikilvægast að börnin þjálfist í að taka tillit til annarra, fara eftir reglum, nota samræður til að leysa ágreining, hlusta á aðra, finna sjálft ánægjuna sem felst í verkinu, færa hugsanir sínar í orð og hjálpa öðrum. Niðurstöðurnar eru sambærilegar við niðurstöður úr könnun sem Guðrún Alda Harðardóttir, gerði meðal foreldra í leikskólanum Lundarseli á Akureyri 2000.⁴⁹

Í hverjum mánuði fengu foreldrar stutt lesefni með heim. Skólaárin 2001 – 2002 og 2003 – 2004, var foreldrum sent eitt foreldraboðorð⁵⁰ með fréttabréfi hvers mánaðar. Skólaárið 2002 – 2003 var einu sinni í mánuði sent heim eitt af markmiðum barnanna.

Reglulega voru gerðar kannanir meðal foreldra og kennara um skoðun þeirra á verkefninu og eins hvort og hvernig það væri að skila sér til barnanna. Niðurstöðurnar voru notaðar til að vinna með áfram, hvað þurfti að bæta, hvað var í lagi.

Í mars og nóvember 2003 voru haldin leikjakvöld fyrir foreldra, þar sem foreldrar fengu tækifæri til að taka þátt í starfi leikskólans á sama hátt og börnin. Þeir foreldrar sem mættu voru mjög ánægðir. Eitt foreldra hafði á orði „...nú fyrst skil ég út á hvað verkefnið gengur.“ Greinin *Foreldrar læra margt í leikskóla* sem birtist í Morgunblaðinu 19. maí 2003⁵¹ fjallar um með hvaða hætti foreldrar voru þátttakendur í verkefninu.

⁴⁷ sjá fylgiskjal 5

⁴⁸ sjá fylgiskjal 6

⁴⁹ Guðrún Alda Harðardóttir, 2000:22-24

⁵⁰ sjá fylgiskjal 7

⁵¹ Gunnar Hersveinn, 2003:16

Handbrúður

Í upphafi var ákveðið að hver leikskóli kæmi sér upp handbrúðum sem væru tákn og talsmenn dygðanna. Kennarar á Síðuseli útbjuggu mýs fyrir hverja deild, fljótlega kom fram sú hugmynd að senda mýsnar heim með börnunum í lok leikskóladags og til baka aftur næsta morgun. Útbúnir voru litlir poka fyrir mýsnar og dagbækur, en fremst í bækurnar voru settar persónulýsingar á músunum, þannig að það gætti samræmis í meðferð þeirra. Foreldrar skrifuðu í bókina það sem gerðist og tengdu það í flestum tilfellum við dygðina sem var til umfjöllunar. Á hverjum morgni var svo lesið úr dagbók músarinnar fyrir öll börnin.

Á Sunnubóli var *Sigga skessa* lengi sú sem stjórnaði vinastundum og ræddi við börnin, sami kennari sá um að tala fyrir hana. Nokkru síðar bættist Krummi við en þau tvö hafa stjórnað vinastundum og umræðum síðan. Haustið 2003 bættust svo mýs við, þar sem kennarana langaði til að geta sent verkefnið heim til barnanna á sama hátt og á Síðuseli. Hver deild átti sína mús, sinn poka og sína dagbók, mýsnar fóru heim í lok dags og komu daginn eftir til baka. Þá var lesið í samverustundum upp það sem á daginn hafði drifið.

Á Krógbóli voru nokkrar handbrúður í gangi, sem fóru á milli deilda og voru þar í viku. Fyrsta misserið voru þær lítið eitt notaðar og þá sérstaklega á vinafundum í sal, en smám saman dró úr notkun þeirra, þar til svo var komið að þær voru lítið notaðar. Ástæðurnar telja kennararnir vera, kunnáttuleysi í notkun, að brúðurnar voru í viku á hverri deild, þannig var kannski ekki alltaf rétti tíminn til að nota þær. Á vorönn 2004 ákvað ein deild leikskólans að taka upp sama hátt og hinir leikskólarnir og senda heim brúðu. Apinn Níels varð fyrir valinu, með honum fylgdi poki og dagbók fyrir foreldra að skrifa í. Undirtektir urðu mjög góðar hjá börnum og foreldrum.

Nálgun starfsmannahópsins

Auk les- og umræðuhópanna sem áður er getið, var reynt að hafa þróunarverkefnið í forgrunni á starfsmannafundum m.a. með því að starfsmannahópurinn fékk í hendur lítil og stór verkefni að kljást við. Verkefnin fólu öll í sér siðferðilega hugsun og æfingu í að iðka dygð, t.d. að hrósa meðvitað, og þá um leið að æfa sig í að taka hrósi.

Einnig var unnið í litlum hópum þar sem velt var upp siðferðilegum spurningum. Allt miðaði þetta að því að auka traust innan hópsins og dýpka skilning á verkefninu. Á námskeiðsdögum leikskólanna fengu kennarar og annað starfsfólk leikskólanna þriggja, fyrirlestra og námskeið sem tók mið af þróunarverkefninu. Öll endurmenntun á vegum leikskólanna þriggja hefur gengið út að bæta við verkefnið.

Hver og einn leikskólakennari skráði niður hjá sér umræður og atvik úr dagsins önn í samskiptum barnanna þar sem fram kom hvort og hvernig börnin náðu að tileinka sér þær dygðir sem unnið var með.

Í upphafi verkefnisins voru útbúin veggspjöld með slagorðum og spakmælum, sem var dreift víða til kynningar á verkefninu. Efnt var til samkeppni meðal starfsfólks og foreldra, um að semja lag og texta sem innihéldi boðskapinn sem búið væri að vinna með í verkefninu. Lagið sem varð fyrir valinu var samið af foreldri eins leikskólans og hlaut nafnið Ferðalagið. Lagið fjallar um ferðalag í 12 sæta strætó, sætin eru dygðirnar.⁵² Hljómsveit skipuð foreldrum, kennara og börnum, spilaði og söng lagið, inn á geisladisk. Öllum börnum leikskólanna þriggja var færður diskurinn að gjöf í lokahófinu 8.maí 2004.

⁵² sjá fylgiskjal 12

5. Mat á verkefninu

Við mat á verkefninu og til að fá svör við spurningunum sem lagt var upp með er notuð textagreining á uppeldisfræðilegar skráningar og aðrar skráningar sem leikskólakennararnir gerðu dagsdaglega í frjálsum leik barnanna og í skipulögðum samverustundum með þeim. Samskipti barnanna voru skoðuð með hjálp myndbandstækis, tekin viðtöl við leikskólakennara og börn og settir saman rýnihópar foreldra og kennara leikskólanna.

Uppeldisfræðilegar skráningar

Uppeldisfræðileg skráning er leið til að læra að skilja hvernig barn tileinkar sér þekkingu. Skráningin gefur tækifæri til að gera starf barnanna og leikskólans sýnilegt, að setja orð á það ósýnilega.⁵³ Því var ákveðið við upphaf þróunarverkefnisins að ein af leiðunum sem valin yrði til að geta metið hvort börnin væru að tileinka sér dygðirnar, væri að gera skráningar á samskiptum barnanna, bæði í frjálsa leiknum og einnig skipulögðum samverustundunum. Hver kennari safnaði gögnum um sinn barnahóp, auk þess að skrá niður það sem gerðist í útivist og við aðrar aðstæður, eins voru foreldrar hvattir til að skrá hjá sér atvik sem áttu sér stað heima.

Myndbandsskráning

Að taka upp á myndband er góð leið til að skoða samskipti ungra barna, þau tala ekki mikið en nota því meira líkamsmálið og svipbrigði.⁵⁴ Til að skoða samskipti yngstu barnanna voru teknir upp á myndband nokkrir dagpartar sem voru sérstaklega skoðaðir. Þegar notað er myndband við skráningu á samskiptum, fæst víðara sjónarhorn heldur en þegar einungis eru skoðuð samskipti nokkurra barna í einu.

Hópviðtöl

Til að fá víðara sjónarhorn á ákveðið málefni hentar vel að ræða við marga í einu, annað hvort með hópviðtali (*group interview*⁵⁵) eða með því að setja saman rýnihópa

⁵³ Dahlberg, 1999:148

⁵⁴ Lindahl, 1998:79

⁵⁵ Hitchcock og Hughes, 2001:161

(*focus-group*⁵⁶). Hvoru tveggja treystir mjög á þátttöku viðmælenda, hvað þeir hafa að segja um málefnið. Hópvíðtal var viðhaft í samræðum við leikskólakennara. Valið var í hópinn þannig að óskað var þátttöku verkefnisstjóra og þeir beðnir um að velja með sér einn leikskólakennara, alls sex þátttakendur. Í viðtalinu var stuðst við nokkrar fyrirfram mótaðar spurningar en jafnframt voru svör leikskólakennaranna notuð til að inna þá frekar eftir afstöðu eða viðhorfi þeirra. Viðtalið var því hálfopið (*semi-structured interview*⁵⁷).

Það skiptir máli fyrir leikskólann að foreldrar séu meðvitaðir um það sem þar fer fram, þetta á ekki síst við þegar verið er að vinna með dygðir. Í þeim tilgangi að fá sjónarhorn foreldra voru settir saman rýnihópar foreldra. Valið var handahófskennt (*random*) í hópana, þannig að öllum foreldrapörum hvers leikskóla voru gefin númer frá 1 og áfram eftir fjölda, að því búnu var tölva látin velja númer með því að biðja um tölu úr uppgefnum númerum. Verkefnisstjóri hvers leikskóla fékk svo númerin í hendur og sá um að tala við foreldrana sem urðu fyrir valinu. Nokkrar spurningar⁵⁸ voru notaðar til að styðjast við, en að öðru leyti var umræðunni leyft að þróast. Sami háttur var hafður á við að velja í rýnihópa kennara leikskólanna. Tvívegis voru settir saman rýnihópar kennara og foreldra, í fyrra skiptið haustið 2002 og í seinna skiptið í mars 2004. Unnið var úr umræðunum með því að finna þema og svör viðmælenda dregin saman.

Viðtöl

Í upphafi verkefnis voru tekin viðtöl við fimm ára börn hvers leikskóla, í þeim tilgangi að sjá hvort börnin hefðu náð að tileinka sér dygðir eða ekki. Börnunum voru sagðar litlar dæmisögur⁵⁹ og spurt í lokin hvað hefðir þú gert.

Allan tímann voru börnin spurð reglulega um skilning þeirra á dygðunum. Í mars 2004 voru tekin viðtöl við börn fædd 1999, valið var í hópinn af handahófi, þannig að öll börn fædd 1999 sem voru búin að vera þátttakendur í verkefninu í tvö ár

⁵⁶ Gibbs, 1997

⁵⁷ Hichcock og Hughes, 2001:157

⁵⁸ sjá fylgiskjal 8

⁵⁹ sjá fylgiskjal 9

að minnsta kosti, fengu númer sem valið var úr. Óskað var eftir skriflegu samþykki⁶⁰ foreldra þeirra barna sem lentu í viðtalshóp.

Aðgát skal höfð í nærveru sálar

Foreldrar allra leikskólabarna á Akureyri skrifa undir dvalarsamning við upphaf leikskólagöngu barns, þar sem tekið er meðal annars fram að í leikskólanum séu gerðar skráningar í starfinu með börnunum, því var ekki nauðsynlegt að fá sérstakt leyfi til að gera uppeldisfræðilegar skráningar á meðan á verkefninu stóð. Öll viðtöl voru tekin upp á stafrænt upptökutæki (MD-spilara) og afrituð orðrétt inn í tölvu. Umræður úr rýnihópum voru dregnar saman í eitt svar, þar kemur ekki fram hver það er sem svarar. Unnið var úr myndabandsupptökunni þannig að myndbandið var skoðað og skráð niður þau samskipti sem áttu sér stað, síðan var það túlkað og dregið saman, fyrir hvern leikskóla. Hver leikskóli fékk sitt myndband ásamt úrvinnslunni og athugasemdum og spurningum sem hægt væri að vinna með áfram.

Hver leikskóli hefur sinn hátt á með það hvort notuð eru rétt nöfn eða gervinöfn á kennara og börn, aldur barnanna er í sviga fyrir aftan nöfn þeirra. Einn af leikskólunum þremur hefur valið að nota rétt nöfn bæði kennara og barna, hinir nota gervinöfn á börnin. Leikskólakennararnir voru spurðir hvort þeir vildu koma fram undir nafni, töldu þær enga ástæðu til annars, þar sem nafn leikskólans kæmi hvort eð er fram, í einstaka tilfellum er þó notað leikskólakennari eða kennari í stað nafns.

⁶⁰ sjá fylgiskjal 10

6. Hefur markviss siðferðisumræða áhrif ?

Í upphafi verkefnisins var eins og áður hefur komið fram, ákveðið að byrja að vinna með yngstu börnunum og fylgja þeim eftir í þrjú ár. Börnin voru allt frá 18 mánaða aldri þegar byrjað var að vinna að verkefninu með þeim. Ekki hefur áður verið unnið á þennan hátt með svo ungum börnum svo vitað sé. Því reyndi töluvert á hyggjuvit leikskólakennaranna við að nálgast viðfangsefnið. Lögð var rík áhersla á að gerðar væru skráningar í starfinu með börnunum, til að skoða hvort og hvernig siðferðisumræðan skilaði sér til barnanna. Nálgunin gagnvart yngstu börnunum fór fyrst og fremst í gegnum leikinn og samskipti þeirra dagsdaglega. Í vina- og samverustundum var lagt upp með ákveðið efni sem tengdist dygð mánaðarins og eftir því sem börnin urðu eldri bættust við skipulagðar stundir þar sem gengið var út frá sögum úr daglega lífinu og aðstæðum sem börnin þekktu vel. Alls staðar þurfti kennarinn að vera vakandi fyrir að koma siðferðisumræðunni að, gera dygðirnar sýnilegar og orða þær. Stuðst var við þekktar sögur og vísur og búin til leikrit út frá bókum og aðstæðum sem komu fyrir í daglega starfinu við innlögn dygðanna. Kennarinn fylgdist með og skráði niður það sem börnin voru að fást við, samtöl sem þau áttu við hvort annað og við kennarana og tók myndir. Hlutverk kennarans var að koma með athugasemdir og hvetja til áframhaldandi rannsókna og tilrauna, að spyrja sig hvernig börnin læra, einnig hvernig þau læra í leiknum og hvaða aðferðum þau beita við að tileinka sér þekkinguna?⁶¹

Í upphafi verkefnisins voru búnar til örsögur þar sem komu fyrir aðstæður þar sem barnið þurfti að taka afstöðu, af svarinu var hægt að draga ályktun um hvort barnið hefði tileinkað sér dygðir eða ekki. Örsögur voru lagðar fyrir 5 ára börnin. Dæmi um örsögur og svör við þeim eru:

„Þú og Palli eruð í bílaleik með 4 bíla. Jónas kemur til ykkar og vill vera með. Hvað eigið þið að gera?“ Svar „Skipta bílunum á milli svo hann geti verið með. Til að allir geti haft bíla saman.“
„Þið Ari eruð að leika ykkur úti. Svo sjáið þið stóra hjólið og viljið bæði hafa það. Hvað eigið þið að gera?“ Svar „Ég á að ýta og hann stýrir, svo á ég að stýra og hann að ýta.“

⁶¹ Cuffaro, 1995:43

Á svörunum sést að börnin hafa tileinkað sér dygðir. Svörin styðja einnig við kenningu Damon um að deila leikfangi með öðrum sé félagsleg athöfn m.a. í þeim tilgangi að tengjast öðrum.⁶² Hér á eftir verður skoðað hvernig börnin hafa náð að tileinka sér dygðirnar í leik og námi og hvort þau leggist á sveif með dygðum.

Bæði úti og inni lenda börnin í aðstæðum þar sem reynir á hugrekki, samkennd, vináttu, umburðarlyndi og fleiri dygðir. Með því að skrá niður það sem á sér stað í samskiptum barnanna má sjá hvort og þá hvernig börnin skilja hugtökin sem unnið var með.

Vingjarnleiki, virðing, hófsemi, glaðværð

Það skiptir máli að hinn fullorðni viðurkenni og beri virðingu fyrir tilfinningum og líðan barnanna, þetta gerir hann til dæmis með því að hlusta á óskir barnanna og hjálpa þeim að orða gerðir sínar, hugsanir og tilfinningar.

Elva (2), er að sýna Rakel (2), dúkku sem hún er með. Markús (20 mánaða), kemur til þeirra og skoðar líka dúkkuna, við hliðina á honum á gólfinu liggur taskan hennar Elvu, Markús kíkir ofan í hana, „nei“ segir Elva, ákveðið. Leikskólakennarinn segir „Elva er góð að leyfa Rakel að skoða Vidda [dúkkuna]. Nú vill Elva fá hann aftur, Viddi ætlar að vera í töskunni, Markús ætlar bara að skoða ekki taka hann. Hann ætlar bara að passa hann.“

Það er stundum erfitt að þurfa að deila dótinu sínu með öðrum. Þá er gott að fá aðstoð frá hinum fullorðna. Í dæminu sýndi leikskólakennarinn að hún virti það að Elva á erfitt með að deila með öðrum, en var samt að aðstoða hana við að æfa sig í því að deila með. Hún hjálpaði börnunum að setja orð á gerðir sínar.

Annað dæmi þar sem leikskólakennarinn hjálpar barni að setja orð á tilfinningar er þegar Birgir hitti jólasveininn.

Birgir hafði hitt jólasvein, hann hafði staðið í röð til að tala við hann, „ég var feiminn“ sagði Birgir. „Maður er stundum feiminn við þá sem maður þekkir ekki“ sagði leikskólakennarinn.

Hvað er vinur?

„Að vera vinur hvor aðra og að vera góður og svona og leika sér saman og gefa öðrum mat með, t.d. ef maður er með jarðaber og hinn er ekki með... og hann sé með minnst þá á maður að gefa hvor öðrum“ sagði Auður (5,2). „Og líka ef maður er með rjómatertu þá á maður að gefa með sér og líka ef maður er með vínber og...“ bætti Andrea (5).

⁶² Damon, 1988:32

Þegar 2ja ára börn voru spurð þess sama voru svörin

„þeir leika sér,“ „núdda mann“ og „elska mann.“

Í dæmunum hér á eftir sést að börnin skilja hugtakið vinátta og eru fær um allt frá tveggja ára aldri að sýna það í verki.

Svana og Íris, tveggja ára, eru að leika með dúkkuvagn. Svana keyrir vagninn en Íris situr í honum og skoðar bók. Svana finnur dúkku á gólfinu, tekur hana upp og setur í vagninn hjá Írisi, hún setur líka púða undir höfuðið á henni. En þegar Íris reynir að halla sér aftur dettur púðinn í gólfið, Svana tekur hann upp og leggur ofan á Írisi og heldur áfram að keyra fram og til baka í herberginu sem er mjög lítið. Dúkkan hefur dottið á gólfið og Íris teygir hendurnar í átt að henni og segir „dúkka mín“. Svana endurtekur orðið dúkka um leið og hún tekur hana upp og leggur í fangið á Írisi, þær hlægja báðar og Svana keyrir áfram. Nú verður teppi á leið þeirra, Svana tekur það upp og lætur það undir höfuðið á Írisi. Íris missir við þetta bókina í gólfið, Svana tekur hana upp og réttir Írisi, án þess að segja neitt. Svana fer nú og sækir aðra dúkku handa Írisi leggur hana í fangið á henni og breiðir teppi yfir.

Svana og Íris töluðu ekkert saman, utan þegar Íris missti dúkkuna í gólfið, en allt látbragð þeirra lýsti umhyggju og vináttu á milli þeirra. Vináttu er hægt að sýna á margvíslegan hátt.

Bryndís (3,6) og Steinunn (3) sitja saman á dýnu að skoða bækur á meðan þær bíða eftir hádegismatnum þegar Bryndís snýr sér að Steinunni og kyssir hana, snýr sér svo við og segir við leikskólakennarann „við erum sko vinkonur“

Annað dæmi sem sýnir hvernig börn skilgreina hugtakið vinátta

Þegar strákurinn sem átti að vera með í hópnum kom inn sátu stelpurnar fimm þegar við borðið, hann hikaði í dyragættinni og dró sig svo í hlé og vildi ekki koma inn, sagði Auður (5,2), „hann fór kannski út af því að það er enginn strákur hérna.“ „Já, hugsanlega. Haldið þið að strákum finnist erfiðara að vera þar sem eru margar stelpur?“ spyr kennarinn. „Já“ segir Auður. „Af hverju haldið þið það?“ spyr kennarinn. „Af því sumir strákar eru ekki alltaf með stelpum“ svarar Auður. „Geta strákar og stelpur verið vinir?“ „Já, já“ segja þær allar í kór. „Já, þeir geta það. Það geta líka verið systkini sem eru vinir.“ „Ég á systkini og það er vinur“ bætir Andrea (5) við.

Hvernig sýnir maður virðingu?

„Að virða það sem maður segir. Ef maður segir hættu, eða viltu hætta á maður að hætta, hlýða manni og virða það sem sagt er.“ Auður (5,2).

Að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum skiptir máli í samskiptum milli manna. Virðing felur í sér að virða reglur. Eitt sinn þegar verið var að ræða um að bera bæri virðingu fyrir t.d. dýrum, foreldrum og sjálfum sér, bætir eitt barnið við:

„...og að bera virðingu fyrir afa og ömmu því þau vita svo mikið af því þau hafa lifað svo lengi“

Það skiptir máli fyrir öll samskipti að kunna að hlusta á óskir annarra og bera virðingu fyrir þeim, það gerir Birgir hér í dæminu á eftir.

Jón og Birgir, rúmlega tveggja ára, eru að byggja úr legókubbum, þegar þeir hafa byggt í smástund setur Jón það sem hann hefur gert út í glugga og segir um leið við Birgi: „ekki skemma þetta“. Hann gengur í burtu en kemur aftur að vörmu spori og kíkir á það sem hann setti út í glugga og á Birgir, eins og til að staðfesta orð sín, gengur síðan aftur í burtu. Birgir heldur áfram að leika sér með bíl sem hann er búin að byggja. Þegar Jón snýr aftur skömmu síðar spyr hann Birgi, „varstu að skemma það.“ „Nei“ segir Birgir og heldur áfram að keyra bílinn sinn.

Dæmi um hvernig börnin notuðu hugtakið hófsemi eru ekki mörg, en tengjast helst mat.

Fimm ára drengur sagði við mömmu sína þegar hún var að setja grænmeti á diskinn sinn „mamma þetta kalla ég nú ekki hófsemi.“

„Mamma mín er ekki hófsöm“ sagði Sindri Snær (4,2). „Nú af hverju segirðu það?“ spyr kennarinn. „Af því að þegar hún fer í Bónus þá kaupir hún stútfulla körfu.“

Hvað er að vera glaður?

Það virðist sem börnin skilji hvað gerir mann glaðan og hvað gleður aðra.

„Þegar maður er búin að vera í fýlu.“ „Kannski þegar mamma kaupir eitthvað handa mér.“ „Það er að gleðja.“

Hvenær ertu glaður? „Ég er glaður þegar ég leik við mömmu og pabba.“

Hvað gerum við til þess að vera glaðvær? „Gleðja hvort annað.“

Hvernig ferð þú að því að gleðja aðra?

Anna (2) „Mamma“

Hvernig gleður þú mömmu?

Anna „Af þvíað kaupa gleraugu. Mamma ætlar að kaupa gleraugu.“

Verður mamma glöð þegar hún fær ný gleraugu?

Anna „Já“

Að búa til eitthvað til að gleðja aðra er gefandi og eitt af því sem börnin í einum leikskólanum gerðu var að búa til kertastjaka og kort handa foreldrum sínum og systkinum. En þegar verið er að læra ný hugtök geta orðin og merking þeirra vafist aðeins fyrir manni, eins og henni Kristjönu (4,5) sem var búin að búa til og ganga frá sinni gjöf og kallar glaðlega til Ágústu (4,7) um leið og hún gengur framhjá „Ágústa, komdu, þú átt að búa til glaðlæti.“

Hugrekki, hjálpsemi, þolinmæði og sköpunargleði

Hvað er hugrekki?

Ísak (4,0) „Ég veit ekki, eða þegar fer á snjósleða.“
Ingólfur (4,3) „Að vera hugrakkur þegar maður sér ljón, þegar ég geng í myrkri.“
Patrekur (4,0) „Þegar ég fór til læknis, hann var að laga hérna, (bendir á sár á höfðinu). Að fara upp á þakið hérna úti (bendir út).“
Steinunn „Hoppa á trambólín og hlusta á Pétur og Úlfinn.“
Helen „Til dæmis að lemja og klifra upp á húsið.“

Eftirfarandi samtal átti sér stað í lok samverustundar í október 2002, þá hafði verið unnið með dygðina hugrekki í u.þ.b. mánuð. Samtalið sýnir að Erla (3,1) skilur hugtakið hugrekki. Öll börnin í hópnum voru staðin upp og farin að borðunum til að fá sér síðdegishressingu, en Erla sat eftir.

Erla „Ég fór í sveitina með ömmu og dýrin stigu á mig, ég fór að skæla“.
Leikskólakennari: „Nú, stigu dýrin á þig?“
Erla „Já“ (hallar undir flatt og setur upp skeifu)
Leikskólakennari „Hver á heima í þessari sveit?“
Erla „Dýrin“ (í röddinni gætir undrunar, eins og hún sé hissa á spurningunni).
Leikskólakennaranum dettur þá í hug hvort Erla hafi verið í réttum, en spyr þó ekki.
Leikskólakennari „Varstu hugrökk?“
Erla „Nei, ég var hrædd.“
Leikskólakennari „Hver huggaði þig?“
Erla „Amma“ (brosir).
Leikskólakennari „Var amma hrædd?“
Erla „Nei, hún var hugrökk.“

Börnin skilja hvað hugtakið hugrekki þýðir og nota það við ýmsar aðstæður.

Tveir tveggja og hálfars drengir voru eitthvað farnir að ærslast um og slást meðan þeir biðu eftir því að fara í samverustund. Leikskólakennarinn kom að þeim og sagði: „Ég var ekkert búin að leyfa ykkur að fara á grænu dýnuna og slást. Setjist bara hérna niður“. Svo rétti hún þeim bækur. Þá heyrir annar drengurinn segja: „vi eum ekki ræddir við ana“, og hinn svarar: „nei, ei, við eum hurakkir“. Leikskólakennarinn flýtti sér til samstarfskennara sinna og sagði stolt „heyrðu þið hvað þeir sögðu?“

Eitt sinn er herpoturnar fljúga yfir Akureyri, stekkur eitt barnið í fangið á Rut og segist ver hrætt. Þá segir Gunnar Ögri (3,6) „ég er ekki hræddur, ég er hugrakkur.“

Fjölskyldan var á leið suður til Reykjavíkur og keyrði því í gegnum Hvalfjarðargöngin. Agli (3,7) hafði stundum þótt þau svolítið ógnvekjandi og höfðu þau oft rætt um það. En nú brá svo við að á leiðinni í gegnum göngin segir Egill „nú er ég ekki hræddur, ég er hugrakkur.“

Skilningur barnanna á sumum hugtökunum jókst eftir því sem þau urðu eldri. Eftir því sem lengur var unnið með það urðu þau fær um að koma með dæmi máli sínu til stuðnings.

Hvað er hugrekki ?

Arna Ýr (5,7) „Að þora að ríða á hestum í fjalli og láta þá hlaupa niður fjallið.“ „Hefur þú verið hugrökk?“ „Já, þegar ég var 4 eða 3 ára þá var ég hjá afa og ömmu með pabba og við gengum niður að á og fengum okkur sopa úr ánni, áin var mjög djúp.“ „Þekkir þú einhverja aðra sem eru hugrakkir?“ „Jóna og Hilda voru hugrakkar að sýna fimleika þegar þær voru í 1. hóp.“

Kamilla Sigríður (5,8) „Að þora að koma við kónguló.“ „Hefur þú verið hugrökk?“ „Já, þegar Elmar bróðir minn gubbaði á hendina á mér. Þá var ég hugrökk.“ „Þekkir þú einhverja aðra sem eru hugrakkir?“ „Páll frændi minn, hann hefur komið við randaflogu.“

Sveinbjörn Hjalti (5,1) „Það er að bjarga fólki“ „Hefur þú verið hugrakkur?“ „Nei, jú einu sinni á ári. Í gamla húsinu mínu var stigi sem ég þorði alveg að klifra upp. Lítil börn mega ekki fara upp þennan stiga.“ „Þekkir þú einhverja aðra sem eru hugrakkir?“ „Til dæmis Björgvin, hann þorir líka upp stigann.“

Eftirfarandi skráning lýsir mjög vel bæði hvernig börnin hafa náð tökum á að nota hugtakið hugrekki og einnig hvernig hægt er að tengja saman fleiri en eitt atvik til að vinna með sama hugtakið.

Eitt sinn fundu, Ingólfur, Ólafur, Tómas, Gestur, Patrekur og Steinar, allir fæddir 1999, þrjár blöðrur í sal leikskólans. Þar sem blöðrur eru skemmtilegar að leika með, fóru strákarnir að henda þeim upp í loft, en þegar Patrekur tekur eina blöðruna og fer að kreista hana, segir Ólafur „Þú ert hugrakkur ef þú þorir að sprengja blöðruna“, ákvað ég (Sirrý) að nota tækifærið og athuga hvort þeir þyrðu að sprengja blöðrurnar og þá í leiðinni hvort þeir tengdu það við hugtakið hugrekki, sem við höfðum verið að vinna með, ég sótti hið snarasta diktafón og myndavél. „Með hverju getum við sprengt blöðrurnar?“ spurði ég. „Nál, þá kemur hvellur“ svarar Steinar og baðar út höndunum. „Ég þori ekki að sprengja blöðrurnar ég fæ þá illt í eyrun“ segir Ingólfur og heldur fyrir eyrun. „Þá ertu ekki hugrakkur“, segir Ólafur. „Víst“ segir Ingólfur. En Steinar og Patrekur eru á sama máli og Ólafur, „nei þú ert ekkert hugrakkur“ segja þeir. Ég legg til að við förum fram til að finna eitthvað til að sprengja blöðrurnar með,



þegar fram er komið hrópa strákarnir, „við ætlum að sprengja blöðrur þá verðum við hugrakkir.“ „Þorið þið að gerða það?“ spyr Heiðrún. „Ekki ég“, segir Ingólfur. Eftir að hafa fundið teiknibólu förum við aftur inn í sal og setjumst í hring, ég rétti fram teiknibólu og spyr „Hver vill sprengja?“ Það kemur smá hik á drengina og þeir horfa hver á annan, svo segir Tómas „Ég þori það alveg“. Hann tekur teiknibóluna og sprengir blöðruna. Gestur horfir á hann með aðdáun og segir „Tómas þú varst hugrakkur.“ Nú vilja Ólafur, Patrekur, Steinar og Gestur líka sprengja blöðrur, en

Þar sem blöðurnar voru bara þrjár kom það í hlut Ólafs og Steinars að sprengja, „við erum hugrakkir“ hrópuðu þeir um leið og þeir hlupu fram til Heiðrúnar til að tilkynna henni um hetjuskapinn. „Vá! Þið eruð duglegir, þorðu allir?“ spyr Heiðrún. „Ekki Ingólfur hann er ekkert hugrakkur“ segir Ólafur. „Það er svo mikill hávaði“ segir Ingólfur og Steinar bætir við „það vantaði blöðru handa mér, við áttum bara þrjár.“

Nokkrum dögum seinna þegar ég hafði skoðað myndirnar og samræður drengjanna langaði mig að ræða við strákana um hugrekki. Ég sýndi þeim myndirnar til að rifja upp það sem við höfðum verið að gera. „Ingólfur er ekki hugrakkur hann stendur þarna og sprengir ekkert,“ segir Patrekur. „En heyrðu Sirrý, mér finnst vont þegar er svona hvellur“ segir Ingólfur. Mig langaði að víkka umræðuna um hugrekki og segi því „það er allt í lagi, það er hægt að vera hugrakkur við svo margt annað, þú hefur oft verið hugrakkur, manstu þegar þú söngst fyrir Georg [stór mörgæs] í Íslandsbanka“. Þá segir Ólafur „Ingólfur var líka hugrakkur þegar hann sagði nafnið sitt, manstu á sviðinu í salnum.“ „Rétt hjá þér Ólafur það var hugrekki“ segi ég. Hér var Ólafur að vitna í þegar ég bauð þeim að standa upp á sviðinu í salnum og kynna sig, hvað foreldrar þeirra hétu og hvar þau ættu heima. Þá var það Ingólfur sá sem þorði mest og stóð einn og óstuddur.



Drengirnir skilja hugtakið hugrekki og að það er hægt að vera hugrakkur á mörgum sviðum og við ýmis tækifæri.

Hvað er hjálpsemi?

Ísak (4,0) „Hjálpsemi er að hjálpa pabba og mömmu að steikja matinn og hjálpa að horfa á sjónvarpið.“ Ingólfur (4,3) „Þegar ég hjálpa mömmu að baka og hjálpa til að tína runnanna.“ Patrekur (4,0) „Að ýta Ólafi á hjólinu. Og að leggja á borð þegar ég er þjónn.“ Steinunn „Laga til, taka saman dótið þegar við erum búin að leika.“ Helen „Hjálpa pabba með mótorhjól, svona með blátt sæti og hjálpa að ná í poka og henda í ruslið.“

Börnin eru fær um að sýna hjálpsemi á mörgum sviðum og við margvíslegar aðstæður.

Tveir drengir Andri (5,11) og Björn (5,6) voru að sækja mjólk í eldhúsið, en þar var þá engin. Gurrý leikskólakennari var stödd á skrifstofunni við hliðina á eldhúsinu og varð vitni að eftirfarandi samtali.

Andri: „Ég þarf að ná í mjólkina mína“

Björn: „Það er enginn hér, þá verðum við að hjálpast að“

Andri: „Já, lyftu mér“. Nú heyrðust stúnur og mäs, eftir smá stund gengu drengirnir svo framhjá skrifstofunni og Gurrý spyr: „Gátuð þið bjargað þessu sjálfir?“ „Já, við hjálpuðumst að, ég lyfti honum“ svaraði Björn

Á öskudaginn eru tveir drengir Siggi og Palli, 3,5 ára að leika sér saman, þeir eru báðir í Batmanbúningum, var annar þeirra með grímu en hinn ekki. Palli, sá með grímuna segir, án þess að búningarnir hafi nokkuð komið til tals „ég á tvær grímur en Siggi á enga, svo að ég ætla að lána honum hina“.

Í fataherberginu gefast tækifæri til að sýna hjálpsemi í verki og þá reynir líka á þolinmæði barnanna.

Á yngstu deildinni eru allir að gera sig klára í útiveru, og þau sem eru tilbúin orðin óróleg að bíða, þegar leikskólakennarinn segir „jæja þá vantar mig bara vettlingana og þá er ég til“. Veigar Áki (2,4) áttar sig á að með því að hjálpa kemst hann fyrir út svo hann sækir vettlingana á ofninn, réttir leikskólakennaranum og segir „hérna Hóffa.“

Linda, (2,11) og Gunnar (3,2) voru fyrst inn eftir útiveru einn daginn. Leikskólakennarinn spurði þau hvort þau gætu hjálpast að við að fara úr útifötunum. Þau brugðust vel við því og sýndu mikla þolinmæði við að hjálpa hvort öðru úr göllum, húfum og peysum. Að lokum sýndi Linda mikla natni og úthald við að færa Gunnar í inniskóna, sem var býsna strembið. Gunnar sat hinn rólegasti á meðan Linda klæddi hann í, það verk tók um 5 – 7 mínútur, þau sýndu hvort öðru þolinmæði allan tímann.

Börnin voru flest komin inn á deildina eftir útiveru, þegar Hófý kemur fram í fataherbergi er Bryndís (3,8) að klæða Kára (3) í inniskóna „Nei, eruð þið hér enn, ég hélt að allir væru komnir inn.“ „Við erum sko að hjálpast að“ segir Bryndís.

Börnin yfirfæra það sem þau læra í leikskólanum yfir á fleiri aðstæður.

Eitt sinn þegar mamma Bryndísar og Egils var veik, bauðst Eva til að taka börnin með sér í leikskólann, þegar börnin voru að klæða sig úr útifötunum segir Bryndís (3,8) „Eva þú ert svo hjálpsöm við mömmu að keyra okkur í leikskólann“.

Eftir matinn fá börnin á Spóanum blauta klúta til að þvo sér í framan eftir matinn. Aníta (3,5) og Rúnar (3,9) sitja á móti hvort öðru við borðið, eitt sinn er Rúnar er að þrífa sig hallar Aníta sér að honum og býður aðstoð. Hann réttir henni klútinn og hún þvær honum í framan og segir „svona, núna ertu að verða hreinn.“

Einn mánudaginn var kominn þó nokkur snjór fyrir framan innganginn í leikskólann, þar sem einn kennarinn er að moka kemur Jóhannes (5,8) hlaupandi að og kallar „Ég ætla sko að hjálpa þér að moka því ég er svo hjálpsamur.“



Öll þessi dæmi sína að börnin eru fær um að sýna hjálpsemi á margvíslegan hátt og að þau virðast hafa náð að tileinka sér hugtökin.

Það skiptir máli að kunna að biðja um hjálp ekki síður en að kunna að veita hana.

Andrés, 3,6 ára og Rúnar, 3,7 ára, voru að leika sér ásamt fleiri börnun í sleðabrekkunni. Brekkan var mjög hál þennan dag og erfitt að komast upp hana. Jón [leiðbeinandi], var að fylgjast með drengjunum þegar hann tók eftir því hvernig þeir hjálpuðust að við að komast upp brekkuna. Það byrjaði þannig að annar bað hinn um hjálp. Jón tók myndir af þeim, þar sem kemur fram hvernig þeir halda í hvorn annan yfir verstu hálkublettina og styðja hvorn annan upp brekkuna. Þeir bíða þolinmóðir eftir að röðin komi að þeim að renna sér aftur niður, einnig hvernig þeir ýta hvor öðrum eftir að hafa óskað eftir því. Drengirnir sýndu að það er betra að hjálpast að við erfitt verkefni en „ströggla einn“, eins og Jón orðaði það.

Skilningur barna á hugtökunum eykst og þau verða fær um að koma með dæmi máli sínu til stuðnings. Það sést í næstu dæmum þegar þrjú börn voru spurð um hvað væri að vera hjálpsamur.

Arna Ýr (5,7) „Að vera góður og hjálpa öðrum“ „Hefur þú verið hjálpsöm?“ „Já, til dæmis þegar Andrea var veik. Hana vantaði spólu og ég hjálpaði henni að leita að spólunni.“ „Þekkir þú einhverja sem eru hjálpsamir?“ „Kennararnir í fimleikum, þeir hjálpa krökkunum að læra.“

Kamilla Sigríður (5,8) „Að hjálpa öðrum.“ „Hefur þú verið hjálpsöm?“ „Já, þegar ég hjálpaði mömmu og pabba að svæfa Elmar bróðir minn.“ „Þekkir þú einhverja sem eru hjálpsamir?“ „Pabbi hann hjálpar mér að læra að skrifa og reikna.“

Sveinbjörn (5,1) „Að hjálpa öðrum t.d. að lita og að opna dyrnar fyrir öðrum. Að hjálpa að klifra.“ „Hefur þú verið hjálpsamur?“ „Já, alltaf þegar ég hjálpaði Reyni að klifra upp stigann.“ „Þekkir þú einhverja sem eru hjálpsamir?“ „Til dæmis Pétur Pan hann er með álfaryk og getur bjargað manni ef maður er að detta í sjóinn.“

Hvað er þolinmæði?

„Bíða eftir að fara til ömmu.“ segir Ísak (4,0) „Bíða eftir strætó, stundum að bíða eftir mömmu og pabba til þau sækji mig á leikskólann. Nú veit ég hvað þolinmæði er, bíða í spili.“ segir Ingólfur (4,3) „Bíða. Sauma, manstu með nálinni og bandinu, var ég þá þolinmóður?“ segir Patrekur (4,0) „Ég veit það ekki“ segir Steinunn, en Helen segir „Svona að bíða eftir mat og vagninum.“

Arna Ýr (5,7) „Að vera rólegur og bíða eftir öðrum.“ „Hefur þú verið þolinmóð?“ „Já, ég þarf að vera þolinmóð að bíða eftir fimleikaæfingum í haust.“ „Þekkir þú einhverja sem eru þolinmóðir?“ „Hildur og Jóna þær þurfa líka að bíða eftir fimleikaæfingum í haust.“

Kamilla Sigríður (5,8) „Að geta beðið eftir öðrum.“ „Hefur þú verið þolinmóð?“ „Já, þegar ég er að bíða eftir matartímanum.“ „Þekkir þú einhverja sem eru þolinmóðir?“ „Nei.“

Sveinbjörn (5,1) „Að bíða.“ „Hefur þú verið þolinmóður?“ „Já, ég bíð alltaf í röðinni heima hjá mér.“ „Þekkir þú einhverja sem eru þolinmóðir?“ „Til dæmis mamma og pabbi þau bíða alltaf þolinmóð í röðinni á djamminu.“

Í þeim tilgangi að gera dygðirnar skiljanlegar fyrir börnunum voru farnar ýmsar leiðir t.d. sett upp leikrit og lesnar þekktar sögur, stundum voru sett upp leikrit úr þekktri sögu.

Þriggja og fjögurra ára börnin á Krógabóli bjuggu til leikrit upp úr bókinni um Græna hattinn. Litli græni hatturinn þurfti að sýna þolinmæði meðan hann beið eftir að vera keyptur, það þurftu börnin einnig sem biðu eftir að röðin kæmi að þeim í leikritinu. Þetta var líka æfing í hugrekki við að koma fram fyrir áhorfendur. Öll börnin á deildinni tóku þátt í leikritinu.

Í næsta dæmi sést að umræðan hefur skilað sér og börnin minna kennarana á ekki síður en hvort annað.

Tumi og Magnús fjögurra ára strákar, eru að leika með „Bubba byggi“ dótið, þeir hafa byggt stórt hús úr kubbum handa Bubba. Skyndilega brotnar húsið og allt hrynur í gólfið. „Æ, æ“ segir leikskólakennarinn, „strákar nú verðið þið að týna upp kubbana og laga húsið, kannski veður Bubbi reiður af því húsið hans brotnaði.“ Þá snýr Selma (4,9) sér að leikskólakennaranum og segir „Bubbi verður ekki reiður af því hann er svo þolinmóður.“

Næsta dæmi sýnir að með því að nota hugtakið meðvitað þá ná börnin að tileinka sér það.

Eftir matinn fara börnin sem eru á aldrinum 2,3 til 2,4 ára, í hvíld. Það myndast oft smábiðtími meðan verið er að þvo um munninn og þar til hægt er að leggjast inn á dýnu og þá verða stundum árekstrar, við þannig aðstæður er upplagt að æfa þolinmæði, það var einmitt það sem Hófa gerði þegar hún lagði til við 2ja ára börnin að þau væru þolinmóð þar til allir væru komnir, þetta gerði hún í nokkra daga. Tveimur vikum seinna þegar nýr kennari tók við hópnum kom í ljós að börnin höfðu öll náð að tileinka sér þolinmæði við að bíða eftir að leggjast í hvíld.

Hvernig skilja börnin hugtakið sköpunargleði?

Sara Rut (4,0) sagði „Er það eins og þegar guð skapaði blómin og fiskana.“ Patrekur (4,0) bætti við „guð skapaði líka fuglana og fjöllin“ Svana sagði „þegar við málum myndir er sköpun“ og Anna (4,0) sagði „og teiknum sköpun.“ Ingólfur sagðist ekki vita neitt um sköpun, en Patrekur sagði „víst það er að leira.“ Börnin ræddu þetta nokkuð og niðurstaðan var að þegar verið er að skapa þá er svo gaman og þess vegna heitir það sköpunargleði.

Kurteisi, áreiðanleiki, samkennd og ábyrgð.

Hvað er kurteisi?

Jóhannes „Að vera ekki vondur. Það er kurteisi að vera góður.“

Ragnar „Að segja viltu gefa mér.“

Harpa „Viltu gefa mér meira.“

Andrea „Sitja kyrr. Ekki lemja mann í afmæli.“

Baldvin „Að hlýða.“

Patrekur (4) „Til að læra að segja viltu gefa mér svala og viltu rétta mér kókómjólk.“

Andrea (3) „Til að mála, viltu gefa mér málningu.“

Edda „Ekki ryðjast í strætó og bjóða góðan daginn.“

Heba (3,6) segir „Þegar mamman segir að pabbinn sé feitur, það er ekki kurteisi.“

María (3,7) „að biðja, ég kveð alltaf þegar ég fer.“

Kiddi (3) „ég segi alltaf góða helgi.“

Börnin nota hugtökin við ýmsar aðstæður.

Patrekur (3,8) og Edda (3,7) biðja kennarann að ýta sér af stað í rólunni, þegar hún er búin að því segir Edda „Þakka þér fyrir.“

Það sem einum finnst kurteisi finnst öðrum ókurteisi.

Alexander „Er að segja, hendur undir borð, ekki segja orð“, en Ómar (3,6) sagði „Það er ókurteisi að segja hendur undir borð.“

Hugmyndir og skilningur barnanna breyttist þegar búið var að vinna með dygðina í tvo mánuði.

Í hópnum mínum (Heiðrún) eru Emelíana, Viktor, Andri, Hugrún, Aldís og Sýlvía, fædd frá janúar til júní árið 2001. Í þeim tilgangi að skoða hvort og þá hvernig hugmyndir barnanna um hugtakið kurteisi breyttust á meðan á umræðum okkar stæði, ákvað ég að spyrja þau tvisvar, fyrst í nóvember í upphafi og svo í lokin í janúar, um hvað væri kurteisi.

Í nóvember voru svörin eftirfarandi; Emelína „Ég veit það ekki.“ Viktor, verður blíður á róminn og segir „Viltu gefa mér meira?“ Andra svar er „Með krökkunum.“ Og Hugrún svaraði „Viltu gefa mér meira?“ Þegar ég skoðaði svörin þeirra fannst mér þetta vonlaust, taldi þau jafnvel vera of ung, því þegar eitt barnið var búið að svara svöruðu hinir eins.

En svo í janúar ákvað ég að spyrja þau aftur, þá kom mér á óvart hvað svörin höfðu breyst. Hvað er kurteisi? Viktor svaraði „Viltu gefa mér meiri mat?“ Hugrúnar svar var „Segja bless. Það er kurteisi.“ Andra svar var „Segja bless.“

Reyndar voru alltaf tvö börn sem svöruðu en þau sögðu sitt hvort dæmið við spurningunum. Hin fjögur fylgdu þeim eftir eða urðu feimin þegar ég spurði þau. Mig langaði einnig að vita hvort þau skildu andheiti orðsins og spurði því; „Hvað er ókurteisi?“ „Gera svona fruss...“ segir Hugrún og frussar. „Viltu gefa mér meira“ segir Viktor og gerir röddina í sér frekjulega.

Frá því að við byrjuðum að vinna með kurteisina höfum við sérstaklega tekið á því við matarborðið til dæmis hvernig maður spyr kurteisilega um meira og allir byrja jafnt, þakka fyrir matinn og fleira. Það kemur sterkt fram í svörum, sérstaklega hjá Viktori. Ég tel að börnin séu að tileinka sér kurteisina við

matarborðið og við komu og brottför í leikskólann. Og einnig gera þau mun á kurteisi og ókurteisi. Ég var sérstaklega ánægð með breytingar á svörunum hjá börnunum þó svo að þessi tvö hafi eingöngu svarað þá voru svörin ólík.

Mikil áhersla er lögð á að börnin biðji um hlutina, t.d. við matarborðið og noti þá orð eins og viltu rétta mér og viltu gefa mér. Það endurspeglast í þessu dæmi og einnig í svörum barnanna á hvað er kurteisi.

Börnin eru í hvíld og Ómari finnst Þórdís (3,2) liggja of nálægt sér og segir „Þórdís þú truflar mig, færðu þig.“ Þá segir Þórdís „þú átt að segja viltu færa þig.“ Ómar gerir það og Þórdís færir sig.

Hákon (2,3) kallar „Emmar batnið“ andartaki síðar kallar hann aftur „Emmar biltu koma batnið?“

Í þessu dæmi sést að börnin hafa velt hugtakinu fyrir sér og nota það meðvitað.

„Þegar maður er boðinn í afmæli, sagði Ólafur (4,11), þá sýnir maður kurteisi með því að gefa gjafir og að borða fallega.“ „Hvernig borðar maður fallega?“ spyr ég. „Ekki flýta sér að borða“ segir Ólafur. „Að tryggja vel og kyngja“ segir Viktoría (4,10). „Á ég að segja þér að einu sinni sagði Steinar asni við Viktoríu og mig og hann sagði aulabárður við okkur“ sagði Stefanía (5,0) „Og hvað fannst ykkur um það?“ „Ekki kurteisi heldur dónalegt“ sagði Ingólfur (4,10) „Á ég að segja ykkur svolítið, einu sinni var mamma mín að grípa fram í fyrir mér, það er ekki kurteisi“ sagði Stefanía. „Nei, það er ókurteisi“ sagði Ólafur.

Sumir náðu færni í að nota tvö hugtök í sömu setningunni og skilgreina um leið.

Þegar Arnór (5,4) kemur í leikskólann einn daginn segir hann „Þetta eru nú meiri ókurteisu bílstjórnarnir að hafa bílana í gangi og menga allt fyrir okkur. Það er sko ekki mikil samkennd hjá þessu fólki.“

Hvað er áreiðanleiki?

Guðrún María (5,5) „Ef maður er búin að lofa að fara út að leika við einhvern og gerir það síðan ekki, er maður ekki áreiðanlegur.“

Harpa Lind (5,2) „Ef maður labbar út í búð og hittir einhvern sem maður þekkir ekki á maður ekki að tala við hann, ef ég er búin að lofa mömmu að gera það ekki.“

Svavar Sigurður (5,8) „Ef maður er búin að lofa að leika við einhvern á maður að gera það.“

Sigmar (5,7) „Ef maður er búinn að lofa að leika við vin sinn á maður að standa við það.“ „Hvað er að standa við?“ „Að gera eins og maður var búinn að lofa“

Stefán Hrafnkell (5) „Ef ég er búinn að segja vinum mínum að ég vil leika við þá á ég að gera það, þeir eiga líka að leika við mig.“

Egill (4,5) „Svo við gerum ekki það sem okkur sýnist. Til að treysta manni.“

Kjartan (5,7) „Eins og til dæmis Rauðhetta, hún var ekki áreiðanleg þegar hún fór út af skógarstígnum á leiðinni til ömmu sinnar, hún var búin að lofa mömmu sinni að gera það ekki.“

Börnin nota hugtökin meðvitað yfir aðstæður bæði heima og í leikskólanum.

„Mamma var ekki áreiðanleg,“ sagði Guðrún 5,5 ára og fór að gráta. Kennarinn spurði hvað væri að og Guðrún kom og sýndi kennaranum litla rispu á einum fingri. „Ég skar mig á blaði í gær og mamma sagði að hún skildi setja plástur á þetta áður en við færum í leikskólann og svo gleymdi hún því, hún var ekki áreiðanleg“ sagði Guðrún.

Að vera áreiðanlegur er það sama og að geta treyst og að standa við orð sín, samkvæmt skilningi barnanna, bæði börn og fullorðnir nota hugtakið meðvitað.

Egill (4,5) vill oftast vera á sama svæði og Hafsteinn vinur hans og reynir því að velja sama svæði, oft tala þeir sig saman um hvað þeir ætla að velja. Einn morgun segir Egill „ef Hafsteinn velur ekki svæðið sem hann var búinn að segjast ætla að velja þá er hann ekki áreiðanlegur“

Rakel (4,5) fór í sendiferð á aðra deild hinum megin í húsinu, þegar hún kemur til baka segir hún „nú var ég áreiðanleg, ég lét Herdísi hafa blaðið og kom svo strax til baka“

Sigrún, kennari þurfti að skilja barnahópin sinn, sem í voru 3ja ára börn, eftir augnablik og sagði „ég þarf að hlaupa niður. Get ég treyst ykkur á meðan ég hleyp niður? Getið þið verið áreiðanleg?“ Börnin játtu því. Þegar Sigrún kemur til baka sitja börnin enn á sömu stöðum. „Sigrún við vorum traust. Við sátum alveg kjurr“

Stundum skilja börnin ekki alveg hvað hugtakið þýðir en tengja það þó við einhverja athöfn, sérstakalega ef það hefur verið mikið í umræðunni.

Ágústa (4,1) og Hafdís (3,10) eru að laga til eftir sig þegar, Hafdís spyr „af hverju þurfum við að laga til?“ „Af því við eigum að vera áreiðanlegar“ „Hvað er það?“ spyr Hafdís. „Æi, við eigum bara að gera það“ segir Ágústa.

Ung börn geta haft samkennd með, borið umhyggju fyrir og sýnt skilning á þörfum annarra, bæði fullorðinna og barna.

Það var árla morguns, Anna Jóna, leikskólakennari og þrjú börn eru stödd í heimastofunni, þegar Steinar (3,7) spyr Önnu Jónu „Anna Jóna hver sækir þig?“ Anna Jóna svarar „Enginn, bíllinn minn stendur hérna úti og ég keyri bara sjálf heim þegar ég er búin að vinna.“ Börnin horfa gapandi á hana, svo henni finnst hún þurfa að útskýra þetta aðeins nánar. „Ég er fullorðin og mamma mín sækir mig ekki, hún á heldur ekki heima hérna á Akureyri og ég á engan mann.“ „Áttu engan!“ spyr Sara (3,5). „Nei“ svarar Anna Jóna. Þá segir Steinar „Þegar ég verð stór skal ég sækja þig“ og Sara bætir við „og við getum farið í húsið mitt“

Næstu dæmi sýna að yngstu börnin eru fær um að sýna samkennd með öðrum og finna leiðir til að láta félögum sínum líða betur.

Gunnar (2), gengur illa að ýta ofan af sér svampkubb sem féll á hann og fer að gráta, leikskólakennarinn hjálpar honum og tekur hann í fangið, þá segir María (2,6) „hann þarf dudduna sína.“ „Já heldurðu það“ segir leikskólakennarinn.

Signý (2) og Birta (2,7) eru ásamt fleiri börnum að leik í kringum hrísgrjónakerið. Þær standa hlið við hlið og moka saman grjónum ofan í könnu, af og til stoppa þær, horfa hvor á aðra og brosa. Þegar Birta kveinkar sér og segir „svíður í nefinu“ hættir Signý að moka og horfir á meðan leikskólakennarinn snýtir Birtu, að því loknu klappar Signý, Birtu á kinnina og horfir brosandí framan í hana.

Jóhanna (2,7) datt af púða og skellur með höfuðið í gólfið. Hún fer að háskæla, þegar hún hefur jafnað sig fer hún til Ragúels (2,8) og Gunnars (2,8). Ragúel kemur á móti henni og segir „Meiddiru þig í fótinum?“ „Nei“ segir hún um leið og hún bendir á höfuðið á sér, „hér í hausinum.“ „Ó, meiddirðu þig hér?“ segir Ragúel og kemur við höfuðið á henni. „Já, hér“ segir hún og bendir á höfuðið á sér. Gunnar sem hafði fylgst með þeim og kemur til þeirra, þeir Ragúel eru mjög samúðarfullir og sorgmæddir á svipinn og alvarlegir.

„Æ, æ hoppa bara á hausinn“ segir Ragúel og Gunnar segir eitthvað líka um hausinn og svo hoppa þeir og láta sig detta aftur og aftur, augljóslega í þeim tilgangi að láta henni líða betur þykjast þeir vera að meiða sig. Jóhanna fylgist með þeim og fer að brosa, svo þau hlæja öll.

Í útiverunni í febrúar 2004, er Lovísa (2,4) að leika sér í litlu búðinni í sandkassanum þegar Sigrún (4) kemur til Hóffu leikskólakennara og spyr „ertu með bréf? þegar Hóffa svarar játandi segir Sigrún „viltu koma og snýta Lovísu?“ Sigrún hafði verið að leika við aðra en tekið eftir að það þyrfti að snýta Lovísu og lét sig það varða.

Bjarki (3,9) sagði eitt sinn „ái“ með hluttekningarsvip, þegar hann fylgdist með er verið var að bera krem á exem á Jenný, með þessu litla orði og svipbrigðum sýndi hann að hann gat sett sig í hennar spor.

Þegar Bjarney (4,10) meiddi sig og fór að gráta, koma Andrea (5,1) til hennar og vafði klút sem hún hélt á utan um handlegginn á henni og segir „svona, er þetta ekki miklu betra núna?“ Þær gengu til kennarans og Andrea sagði „Hún Bjarney meiddi sig og ég setti klútinn utan um handlegginn á henni og það varð miklu betra.“

Andrea (5,1) er að hugga Helgu (5,1) vegna þess að hún hafði meitt sig og segir við leikskólakennarann „heyrðu Anna Guðrún ég er að sýna henni Helgu samkennd því hún meiddi sig“.

Börnin lærðu ný hugtök og æfðu sig í að setja þau í samhengi við tilfinningar og gerðir. Næsta dæmi sýnir hvernig Ragnar lætur sína leirmynd sýna Lenu leirmynd umhyggju.

Lena og Ragnar eru 2,5 ára, þau eru að leira. Þau rúlla leirnum út í lengjur, á meðan þau leira ræða þau um dauðann, þau virðast vera að æfa notkun á hugtakinu og viðbrögð við því. „Hún er dáin, hún er dáin í sjónum, hann ætlar

éta krókóbíll á hann“ segir Lena. „Hvað segirðu, hver er dain í sjónum?“ spyr kennarinn. „Mamman“ svarar Lena. „Datt hún ofan í sjóinn?“ spyr kennarinn. „Já“ svarar Lena. „Af hverju?“ spyr kennarinn. „Krókóbíll ætlar að éta hann“ segir Lena. „Pabbi hjálpar þér vinan“ segir Ragnar, „ég vil hjálpa þér.“ „Ég er dain“ segir Lena með miklum tilfinningaþunga í röddinni. „Pabbi er að koma“ segir Ragnar og dregur leirlengjuna eftir borðinu í átt að Lenu. „Er þetta pabbinn?“ spyr kennarinn og bendir á leirlengjuna. „Já“ svarar Ragnar, „pabbi ætlar að hjálpa mömmu.“ Ragnar dregur leirlengjuna í áttina að „mömmunni“ sem er í sjónum.

Eftirfarandi dæmi úr samverustund með tveggja ára börnum sýnir hvernig hægt er að nota bækur til að kenna börnum að setja orð á tilfinningar sínar.

Þetta er þriðji dagurinn í röð sem við lesum um *Bangsímon, vini hans og tilfinningarnar*, lítil börn elska endurtekningu. Þau læra af því að heyra sömu söguna aftur og aftur, á þann hátt ná þau að lifa með persónunum og vita hvað kemur næst. Börnin, Elsa (2,5), Magni (2,3) mjög lítið talandi, Ragna (2,5) og Theódóra (2,5), skynja vel tilfinningar dýranna í sögunni og hafa orð á því og leggja sitt til málanna.

Tumi tígur er glaður og hoppar um.

"Veí, veí," hrópar Magni.

En Eyrnaslappi er dapur úti í rigningunni.

"Hann er leiður, klappa 'onum'", segir Ragna um leið og hún kemur að mér og klappar á myndina af Eyrnaslappa.

Þegar Kanínka verður reið af því að búið er að skemma gulræturnar hennar, hnyklar börnin brúnir og setja upp reiðisvip.

Við ræðum um reiðina og hvað við getum gert þegar við reiðumst einhverjum. Stundum verðum við reið ef einhver er vondur við okkur, þá skulum við ekki berja eða meiða, bara hnykla brúnir og segja að við séum reið og viljum ekki láta gera svona við okkur.

Þegar Tumi tígur er hugrakkur og rekur í burtu furðudýr upphefjast mikil hvatningarhróp hjá hópnum.

"Hann er leiður", segir Elsa og bendir á Bangsímon, sem er einmanna og við ræðum hvað er að vera einmanna.

"Hann vill fá mömmu sína", segir Ragna. *Að síðustu eru allir glaðir og hressir þegar þeir eru saman. "Já, já,"* hrópa börnin.

Börnin skildu tilfinningar dýranna og settu á þær orð. Þau sýndu samkennd með dýrunum og líðan þeirra, t.d. þegar Elsa hefur orð á að Bangsímon sé leiður. Ragna sýnir mikinn skilning með því að benda á að Bangsímon þurfi að fá mömmu.

Í bókinni um *Tilfinningar Bangsímons* er fjallað um hvernig hægt er að setja orð á tilfinningar með því að sögupersónurnar eru látnar tjá sig um t.d. reiði, hugrekki, hræðslu og fleira. Eitt sinn eftir lestur bókarinnar áttu eftirfarandi umræður sér stað.

„Hafið þið verið döpur?“ spyr leikskólakennarinn. „Stundum verður maður dapur þegar maður stendur einn úti í rigningu“ segir Kiddi (2,11). „Ég hef verið hugrökk þegar ég klifraði upp á klett í Þýskalandi hjá pabba“ segir María (3,6). „Hafið þið orðið reið?“ spyr leikskólakennarinn. „Þegar einhver er að lemja og

líka klóra Kidda“ segir Stefán (3,7). „Líka þegar er rífið upp blóm þá verður maður reiður“ bætir María við.

Börnin sýna hvort öðru samkennd og sýna að þau hafa ábyrgðarkennd fyrir líðan annarra allt frá 2ja ára aldri. Eftirfarandi dæmi sýnir vináttu, ábyrgð og samkennd og er dæmigert fyrir þann árangur sem leikskólakennararnir telja að verkefnið hafi náð í samskiptum barnanna.

Börnin eru að leggjast í hvíld eftir hádegi þegar Soffía (2) fer eitthvað að ambra og áður en leikskólakennarinn nær að fara til hennar tekur Tómas (2,7) sem liggur við hliðina á henni, í teppið hennar og breiðir betur yfir hana og leggur handlegginn yfir hana. Þegar Soffía þagnar kemur Tómas sér aftur fyrir og sofnar.

Að ná stjórn á sér

Árekstrar koma upp milli barna í leikskóla. Það skiptir hins vegar máli hvernig börnin læra að takast á við þá. Það er mikilvægt að geta leyst úr ágreiningi á jákvæðan hátt.

Fjórir drengir, Baldur 3,4 ára, Hafþór, Hafsteinn og Birkir allir 3ja ára, voru að leika sér með kubbana. Þeir voru búnir að leika saman í góða stund í þögn, kubbakassinn var orðin tómur og kominn á hvolf. Birkir leggur höfuðið ofan á kubbakassann Hafsteinn ýtir honum niður, Birkir leggur höfuðið aftur á kassann, þetta endurtaka þeir nokkrum sinnum án orða, þar til Birkir tekur kassann og flytur hann til í herberginu og leggur svo höfuðið ofan á hann. Hafsteinn stendur á fætur gengur til Birkis og togar í kassann, drengirnir standa nú andspænis hvor öðrum og togast á í þögn, Birkir snöktir þó örlítið. Hafsteinn sleppir kassanum, horfir á Birkir og grípur í peysuna hans. Baldur, sem hefur fylgst með úr fjarlægð, gengur til þeirra tekur í hendina á Hafsteini og segir rólega en með þunga: „hann er yngri.“ Hafþór sem líka hefur fylgst með stendur upp og segir lágt: „Við erum allir vinir.“ Hafsteinn sleppir Birki og brosir, þeir setja allir hendurnar á axlirnar á hvor öðrum og brosa. Birkir leggur sig aftur á kassann, hinir fara að byggja.

Annað dæmi þar sem börnin leysa sjálf úr ágreiningi á jákvæðan hátt.

Þrjú börn eru að leika sér með lest, þegar Haukur (4,1) og Sunna (3,5) fara að rífast, Gulli (3) stendur upp gengur að þeim og segir „það má ekki rífast af því að við erum vinir.“ Haukur og Sunna hætta að rífast og horfa þegjandi smástund á Gulla og halda svo áfram að leika sér.

Eitt af því sem hjálpar til er að læra að vinna með tilfinningar sínar og tjá sig með orðum frekar en gerðum. Þannig lærist barninu smám saman að ná stjórn á sér og öðlast innri aga. Næstu dæmi sýna að börnin eru að byrja að æfa sig í að ná stjórn á sér og tjá tilfinningar sínar og líðan í orðum.

Kári (3,5) er í nýkominn í leikskólann hann er eitthvað leiður og vill ekki borða morgunmat, Sædis kennari segir við hann „þú þarft ekki að borða en sittu við borðið hjá okkur.“ Þegar Kári hefur setið við borðið og fylgst með börnunum borða svolitla stund segir hann glaðlega við Sædís „nú er ég búinn að jafna mig, má ég fá graut.“

Sumir eiga það til að slá frá sér þegar eitthvað bjátar á, en í dæminu hér á eftir sést hvernig tveggja ára barn er að byrja að ná stjórn á sér.

Signý (2) er að leika í hrísgrjónakerinu, hún eys grjónum yfir lítinn plasthund sem hún hefur sett ofan í lítinn pott. Narfi, 2,1 árs, kemur til hennar horfir á hana og tekur í pottinn. „Nei, má ekki“ segir Signý, hún hnyklar brúnir og lyftir annarri hendinni með flatan lófann og lemur hann í höfuðið. En um leið og hún gerir það er eins og hún stoppi, hún lítur í áttina að leikskólakennaranum sem segir ekki orð, lítur aftur á Narfa og klappar honum á höfuðið og segir blíðlega „Aaaaaaaaaa“.

Það virðist sem Signý hafi áttað sig á því á miðri leið að það var ekki rétt aðferð hjá henni að slá Narfa. Betra væri að sýna að henni þykir vænt um hann.

Skráningarnar hér á undan sýna að börn frá tæplega tveggja ára aldri, eru fær um að skilja tilfinningar annarra, gleði, leiða og reiði, þau átta sig á hvað er í gangi og hvernig öðrum líður og virðast getað skilið tilfinningar annarra þrátt fyrir ungan aldur. Damon⁶³ telur að um 1 - 2ja ára aldurinn fari barnið að gera sér grein fyrir að hver og einn er einstakur og hefur sínar tilfinningar. Þá átti barnið sig á eða tekur eftir þegar einhverjum líður illa, en er þó ekki farið að átta sig á hvað það sjálft getur gert til að bregðast við því. Börnin sem hafa verið þátttakendur í verkefninu Lífsleikni í leikskóla, virðast átta sig á hvað þau geta gert þegar þau benda á leiðir sem hægt er að fara til að bregðast við vanlíðan annarra.

Í leiknum eru börnin fyrst og fremst að fást við félagsleg viðfangsefni, s.s. samskipti og að leysa úr deilum og ágreiningi sem kemur upp á í leiknum. Þau eru að vinna úr reynslunni en einnig að öðlast nýja reynslu, ef leikskólakennarinn er vakandi og vekur upp spurningar eða spyr spurninga, hjálpar hann börnunum að takast á við ný viðfangsefni. Álykta má út frá þessum skráningum að börnin eru fær um að sýna öðrum samkennd, umhyggju og hjálpssemi, samkvæmt þessu er því hægt að kenna börnum dygðir, samanber Kristján Kristjánsson.⁶⁴ Börnin eru fær um að virða óskir annarra og þeim tekst að leysa út ágreiningi á jákvæðan hátt. Signý hefur t.d. náð

⁶³ Damon, 1988:16

⁶⁴ Kristján Kristjánsson, 1993:42

Þeirri færni að getað stoppað sjálfa sig af í að lemja, hún virtist átta sig um leið og hún lét höggið falla og sýndi Narfa blíðu í staðinn. Þetta er byrjunin á að ná innri aga, að láta hugann segja sér. Skráningarnar sýna að börnin hafa náð að tileinka sér notkun á hugtökum, sem voru þeim ekki mjög töm í upphafi verkefnisins og tengja þau við athafnir og gerðir.

7. Það verður tamast sem í æskunni nemur

Fullorðnir og börn skilja ekki hlutina á sama hátt vegna mismunandi reynslu, því verður að horfa út frá forsendum barnanna, setja sig inn í þeirra hugsun þegar verið er að vinna með þeim. Ekki má gera ráð fyrir að börn hugsi út frá sömu viðmiðum í siðferðisþroska og fullorðnir. Það skiptir máli að hinn fullorðni sé forvitinn um hvernig börn læra til að geta sett sig inn í þeirra hugarheim. Það sem fram fer í leikskólanum er speglun á því samfélagi sem hann er staðsettur í. Þar eiga sér stað gagnkvæm samskipti út frá ríkjandi gildum og viðhorfum. Það er því mikilvægt að hinir fullorðnu séu samstíga og meðvitaðir um það sem þeir eru að gera. Það er barninu mikilvægt að fá staðfestingu á að hinn fullorðni skilji það sem það er að fást við. Gardner talar um reynslu sem virkjar og lamar,⁶⁵ foreldrar og fjölskylda er áhrifavaldur í lífi barnsins, sýn þeirra og viðhorf hafa áhrif á hvort og hvernig börnin ná að tileinka sér siðferðileg gildi.

Raddir foreldra

Foreldrar barnanna sem hafa verið þátttakendur í þróunarverkefninu virðast vera nokkuð meðvitaðir um þróunarverkefnið og telja sig verða vara við hvernig það skilar sér heim t.d. hvernig börnin nota hugtökin og benda foreldrum sínum á ef þeim verður á í messunni eins og eitt foreldri orðaði það. Ef börnunum fannst foreldrar sínir ekki nógu þolinmóðir eða kurteisir eða eitthvað álíka þá fengu þau að heyra það. Þetta fannst foreldrum almennt mjög gott og þarft að fá slíkar áminningar, eða eins og einn faðir orðaði það:

„Einmitt með þessu móti veit maður að barnið er að móttaka það sem það er að læra. Þegar að barnið kemur svona heim með þekkinguna.“

Eftir því sem leið á verkefnið voru foreldrar meðvitaðri um að segja frá því hvernig það skilaði sér heim með því að nefna dæmi úr daglega lífinu.

„Þegar ég er að ryksuga og taka til heima vill hann fá að hjálpa til, eitt sinn er hann fékk að ryksuga stoppaði hann eftir stutta stund snéri sér að mér og sagði „nú er ég hjálpsamur“.“

⁶⁵ Armstrong, 2001:30

„Hún er mjög meðvituð um þessi orð og segir t.d. „mamma var ég núna hjálpsöm“, ég hugsa að ef að þetta hefði ekki verið til staðar þá hefði maður endilega ekki lært þessi orð, sko, ekki með svona ung börn...“

Foreldrar telja sig helst hafa orðið vara við verkefnið þegar ný dygð er tekin til umræðu, þá jókst umræðan heima líka. Jafnframt þegar barnið fór að nota ný hugtök sem þau voru nú ekki viss um að barnið skildi alltaf, t.d. þegar hófsemin var til umræðu virtust börnin vera að nota hugtakið og máta það við ýmsar aðstæður sem var eins og eitt foreldri orðaði það:

„...það var eitthvað um að ég ætti að gæta hófsemi, „mamma þú þarft að gæta hófsemi“ sagði hún, það var eitthvað sem henni fannst verulega athugavert við móður sína. Þetta var samt eitthvað sem er spurning um hvort maður notar orðið hófsemi yfir, en það mátti kannski teygja það yfir í það.“

Móðir Steinunnar (3,1) segir hana tala mikið um kurteisi heima, hún segi oft „það er kurteisi að segja...“ og bæti oft við þegar hún er að biðja um eitthvað „er þetta ekki kurteisi mamma?“ þannig æfir Steinunn sig í að nota hugtakið. Eitt sinn er þær mæðgur voru í verslun, heyrir Steinunn í strák vera að tala við mömmu sína, hún hefur talið strákinn kurteisan því hún sagði „hann er kurteis við mömmu sína.“

Agli (3,7) hafði stundum þótt ógnvekjandi að keyra gegnum Hvalfjarðargöngin, en eitt sinn er þau voru á leið í gegnum göngin eftir að hugrekki hafði verið til umfjöllunar í leikskólanum sagði hann „nú er ég ekki hræddur, ég er hugrakkur.“

Þannig urðu foreldrar varir við að börnin væru að æfa notkun hugtakana heima við og við hinar ýmsu aðstæður. Það var hins vegar mismunandi eftir því á hvaða aldri börnin voru hversu mikið foreldrarnir urðu varir við verkefnið heima. Töldu þeir að það reyndi meira á upplýsingaflæðið frá leikskólanum fyrir foreldra yngri barnanna, en skilaði sér frekar í umræðum inn á heimilið hjá foreldrum eldri barnanna. Foreldrar töldu að gott væri að hafa dygðirnar á bak við eyrun á kvöldin þegar lesið væri fyrir börnin, að geta lagt út frá dygðinni sem var í gangi. Sumir sögðust jafnvel velja bækur út frá því hvað væri í gangi í leikskólanum.

„Verkefnið eykur skilning og dýpkar hugsun barnsins, það byrjar miklu fyrr en það hefði ella gert, ég hefði t.d. ekki farið að kenna ungum syni mínum um samkennd á þennan hátt. Eldri sonur minn var á öðrum leikskóla, þar sem svona umræður voru ekki í gangi og það verður að segjast eins og er að það er alveg stór munur þar á“ sagði einn faðir, og bætti við „það var haft eftir einum kennara úr Síðuskóla að hægt væri að greina börnin úr sem kæmu úr þessu verkefni, en ég óttast að ef það verður ekki haldið áfram að vinna á sama hátt í grunnskólanum að þetta gleymist, það verður að halda áfram svo við fáum góða og fróða unglinga.“

Því fyrr því betra, svo rétt hugsun og hegðun barns geri það að betri manneskju er mat foreldra. Það styður við það sem kemur fram hjá William Damon⁶⁶ um að siðferðiskennd barna sé örvuð allt frá unga aldri.

Í könnun haustið 2003 voru foreldra beðnir að svara því hvort og þá hvernig verkefnið færi inn á hlutverk foreldra. 76% foreldra telja að verkefnið fari inn á hlutverk þeirra sem foreldra, en á jákvæðan hátt, þ.e. foreldrar telja verkefnið ekki síður þarft fyrir þau sem foreldri og að það styðji við þau í hlutverkinu við að ala börnin upp í góðum siðum og að leggja áherslu á gildi sem allir vilja að börnin læri. Í sömu könnun sögðust 46% foreldra nýta sér verkefnið mjög mikið eða mikið heima og 42% nýta sér það nokkuð. Sem dæmi um hvernig þeir nýta sér verkefnið sögðust foreldrar gjarnan skerpa á dygðaumræðunni þegar þeir fengu brúðurnar heim.

Hér á eftir eru dæmi um hvað foreldrar skrifuðu í dagbækurnar sem fylgja handbrúðunum heim til barnanna.

Í dag fór Níels (api) með mér (Hafsteini, 5) heim. Þegar pabbi og mamma sóttu okkur, útskýrði ég fyrir þeim að ég bæri ábyrgð á Níelsi í dag. Eftir að hafa farið saman í tölvunna, las ég fyrir Níels úr lestrabókinni hans stóra bróður. Mamma þurfti aðeins að minna mig á að ég bæri ábyrgð á Níelsi, enda er ég ekki vanur að þurfa að passa, þar sem ég er yngstur af systkinum mínum. Þegar ég fór svo út að leika mér bað ég mömmu um að passa Níels. Eftir kvöldmat kúrdum við Níels smástund hjá mömmu og horfðum á Kastljós, sem við Níels erum sammála um að er ekki skemmtilegur fyrir börn. Þegar við Níels vorum háttaðir og komnir í rúmið fórum við með bænina „ég fel í forsjá þína“ og sofnuðum ánægðir með daginn.

Ég fór heim með henni Hrefnu núna. Hún var voða glöð að fá að halda á mér í bakpokanum mínum. Ég fékk að kynnast foreldrum Hrefnu þeim Ingu og Ottó ásamt Magnúsi og Grétu (systkinum Hrefnu). Ég horfði smá stund á mynd um hann „Stúart litla“ féлага minn og af honum lærði ég ýmislegt skemmtilegt. Ég skreið nú ofan í bakpokann minn í matartímanum þar sem að Hrefna, Gréta og Magnús voru afar dugleg að æfa sig í að vera kurteis saman. Hrefna var mjög dugleg t.d. með borðsiðina og að þakka fyrir sig eftir matinn. Hrefna var líka svo kurteis og góð að lána mér dudduna sína þegar hún fór út að moka snjó og á sleðann sinn en þá var ég í bakpokanum með dudduna.



⁶⁶ Damon, 1988:14

Ég ætlaði að fá að lúra hjá Hrefnu en hún var á endalausum brölti þannig að það endaði með því að ég skreið ofan í töskuna mína og við steinsofnum báðar tvær. Í morgun lékum við okkur með myndaspil og armbönd fram og til baka. Það er búið að vera nóg að brasa og ég hlakka til að geta hvílt mig vel heima á Sunnubóli.

Takk fyrir samveruna,
Anna mús

Amma sótti okkur í leikskólann og fór með okkur í bíltúr, svo sóttum við mömmu í vinnuna og fórum heim. Mamma gaf okkur að borða og Heiða fékk að sitja á tissue-standinum á meðan og horfa á.

Við fórum inn í herbergi mitt og skoðuðum bílana mína og Karels smá stund, allt í einu sagði mamma að það væri kominn háttatími og við ættum að bursta tennurnar og koma í náttfötin, við burstuðum tennurnar hennar Heiðu og svo mínar. Heiðu fannst ég mjög duglegur að bursta.

Heiða fékk að sofa í kanínustólnum en hún var þínu hrædd að sofa ein svo við létum kisuna mína sofa hjá henni af því hún er svo hugrökk.

Síðferðisumræðan í leikskólanum skiptir mjög miklu máli að mati foreldra og styður við hlutverk þeirra. Það kom fram hjá foreldrum að þeir telja að ekki eigi að treysta algjörlega á að leikskólinn sjái um þennan þátt, þetta verður að vera samstarf. Ef dygðakennslan kemur ekki að heiman þá er mjög erfitt fyrir börnin að tileinka sér „réttu hegðun“ eins og ein móðir benti á. Einn faðir spurði;

„hefði einhver hérna inni farið að tala um þessar dygðir við börnin sín eins og það er kennt þarna? Er þetta ekki bara hrein viðbót við það sem börnin læra heima?“

Að mati foreldra er þetta einmitt kjarni málsins. Þó þeir hefðu vissulega reynt að leggja áherslu á kurteisi og hjálpssemi þá hefði það ekki verið jafn markvisst og í leikskólanum og á þennan hátt eins og verkefnið hefði gert ráð fyrir.

Raddir kennara

Leikskólakennarnir telja að sá munur, sem þeir sjá og finna hjá þeim börnum sem eru búin að vera þátttakendur í verkefninu og þeim sem hafa komið ný inn, felist aðallega í því hversu hópurinn er samheldinn og á auðvelt með að setja sig í spor annarra,

„...þær [leikskólakennararnir] töluðu um það þegar börnin komu yfir á hinar deildarnar að það væri dálítill munur á krökkunum sem komu af okkar deild og voru búin að vera í verkefninu. Þau væru sem sagt hérna, hæfari til að setja sig í spor annarra og miklu hæfari til að lesa úr tilfinningum hinna, bara bentu á einhvern sem kannski sat út í horni og sögðu: „hann er leiður“ (setti hluttekningu í röddina), og bentu starfsfóki á það og líka sko, að setja orð á sínar tilfinningar...“

Þetta styður við það sem sjá mátti út úr þeim skráningum sem fjallað hefur verið um.

Bjarki (3,9) sagði eitt sinn „ái“ með hluttekningarsvip, þegar hann fylgdist með er verið var að bera krem á exem á Jenný, með þessu litla orði og svipbrigðum sýndi hann að hann gat sett sig í hennar spor.

Það sama kemur fram hjá kennara fyrsta bekkjar í Síðuskóla að börnin sem koma úr þessum tilteknu leikskólum eru fær um að setja sig í spor annarra og lesa úr því sem er að gerast í kringum þau:

„Þessi hópur er mjög athugull ef einhverjum líður illa fæ ég að vita það og það er rétt.“

Ekki voru gerðar neinar skráningar á því hvernig þessi munur birtist, eða eins og einn leikskólakennari sagði:

„nei, við gerðum engar samanburðarskráningar. Maður fattaði það kannski ekki alveg.“

Leikskólakennararnir töluðu um að þær sæju dygðirnar birtast víða í öllum þessum smáu atvikum dagsdaglega, þær telja að verkefnið sé virkilega að skila sér inn í starfið og hafi skapað heilmiklar umræður hjá börnunum. Þau þekki betur hugtökin en áður. Einnig eru börnin dugleg að minna hvert annað á t.d. „þú ert ekki hjálpsamur núna,“ eða eitthvað í þá áttina, eða „þú sýnir ekki samkennd núna.“ Þetta er hægt að sjá í flestum athöfnum hins daglega starfs í leikskólanum. Leikskólakennararnir eru sannfærðir um að verkefnið hafi haft áhrif á agann. Börnin séu meðvitaðri um hvað sé rétt og rangt og læri af hvert öðru.

„... mér finnst líka aginn svona koma inn á, þegar þetta eru lítil börn sem eru búin að læra þessa þolinmæði að fara í röð og þegar verið er að fara út, ekki að troðast og eitthvað svona sem við erum að kenna þeim að, ...búin að læra það að troðast ekki því við komumst að“.

Einnig telja þær að verkefnið hafi skilað sér til þeirra sjálfra, þannig að þær telja að kennarahópurinn sé agaðri og meðvitaðri um tilfinningar sínar og viðhorf. Hinir fullorðnu hafa ekki síður lært að setja orð á tilfinningar sínar og aga sig. Þær telja að þær séu orðnar meðvitaðri um orð sín og æði með því að tengja við dygðahugtökin því sum af þessum orðum voru þær almennt ekki vanar að nota.

„ég held að það séu allir sammála um það að við finnum mun sem kemur kannski, fólk var kannski viðbúið að það myndi kannski ekkert gerast eða..., í foreldrakönnunum þá koma ótrúlega mörg svör eins og gott þetta verkefni ykkar, gott þetta lífsleikni í leikskóla, þannig að fólk finnur fyrir þessu og verður vart

við það heima, ...um leið og þetta er að gerast þá fer maður að líta til baka og finna að þau ná að tileinka sér þetta þó að þau séu svona ung.“

Leikskólakennararnir telja að verkefnið skili sér heim. Það merkja þær af sögum og ummælum foreldra.

Ein mamman á deildinni hefur haft orð á því hvað strákurinn hennar sem er að byrja annað árið sitt í leikskólanum sé upptekinn af því að vera „huraku“ (hugrakkur) og hjálpsamur og hvað hann tali mikið um þessi hugtök heima, t.d. þegar hann er að hjálpa mömmu sinni þá segi hann að nú sé hann hjálpsamur.

Sama móðir hefur haft orð á því að henni finnist sonur sinn verða hæfari til að tileinka sér dygðirnar eftir því sem leið á verkefnið.

„Það er auðvitað margt sem kemur til og spilar inni það er ekki bara aldurinn, það eru auðvitað við líka, örugglega orðnar miklu klárari að leggja þetta fyrir og fylgja þessu eftir og láta þetta síast inn alstaðar ég hugsa að það hafi...“

Það er skoðun leikskólakennaranna að það að byrja að vinna með dygðir með svo ungum börnum og tengja það inn í daglegt starf leikskólans skili sér og eigi eftir að skipta máli síðar meir:

„Þegar þú ert búin að æfa þig frá því þú ert ungur í að nota þessi orð og upplifa þessa tilfinningu að stjórna þér, þá hefur það áhrif.“ „Það getur vel verið að þetta sé mikið rútinu tal og endurtekning en ef við byrjum ekki með þau ung þá byrjum við ekki með þau eldri.“

Það er einmitt mergur málsins, dropinn holar steininn.

Mismunandi leiðir farnar

Mismunandi leiðir voru farnar við innlögn siðferðisumræðunnar. Í einum leikskólanum voru handbrúður mjög sýnilegar og mikið notaðar frá upphafi verkefnisins til að ná til barnanna. Reynt var að grípa tækifærin í daglega starfinu auk þess sem handbrúðurnar stjórnðu oft vina- og samverustundum. Í öðrum voru handbrúðurnar í fyrstu aðeins notaðar í vinastundum og talið að það bæri mjög góðan árangur. Börnin sætu alveg dolfallin og meðtækju það sem „Sigga skessa“ hefði að segja. Síðasta veturinn bættist svo músarhandbrúða við á hverja deild og fór heim með börnunum. Í þriðja leikskólanum var aðallega notast við leikritaformið þar sem bæði börn og fullorðnir voru þátttakendur. Verkefnið var meira svona „svífandi yfir öllu“ eins og einn leikskólakennari þar orðaði það, þ.e. reynt var að grípa tækifærið við

hinar ýmsu aðstæður til að koma umræðunni að. Það var sameiginlegt með öllum leikskólunum hvað verkefnið var stór partur af daglegu lífi allra. Leikskólakennararnir töluðu um það að þeim fyndist best að vinna með dygðirnar út frá bókum og leikritum, í vina- og samverustundum, þar sem þær hefðu eitthvað ákveðið að ganga út frá, þó það væri líka í hinu dagsdaglega sem innlögnin færi fram. Það kom fram hjá leikskólakennurunum að þær nota dygðirnar markvisst til að skapa t.d. ró og aga. Gefum einum leikskólakennara orðið:

„Við ræddum hvað við gætum gert til að skapa meiri ró þegar börnin eru að fara í hvíld. Það var stundum þannig hjá þeim (börnunum) þetta bara að drífa sig til þess að komast fyrstur í hvíld eða svoleiðis, þá tókum við það upp, að það var ekkert mál þó þau væru búin, þá fóru þau bara og fengu sér sæti fyrir framan hvíldina. Það er oft þannig að... það er kodd og snudda og svo kemur einhver og veður yfir allt og þá spyrja þau „hvar er snuddan mín“ og allt þetta. En nú bíða þau bara róleg og segja við hvort annað og ef einhver er að reyna að komast inn á undan, „þú verður að vera þolinmóður, þú verður að vera þolinmóð.“ Ég meina það er ótrúlegt þau eru á þriðja ári og þau fara bara og setjast og bíða og spjalla og... [...] Þetta finnst mér pínulítill agi og bara jákvæður agi, já ég held mér finnst þetta vera agi að einhverju leyti.“

Leikskólakennararnir voru sammála um að fyrirmyndir barnanna skipta máli, því var lagt upp úr því að starfsfólk væri vel upplýst. Það kom fram að umræðan á kaffistofunum hefði breyst. Þar væru nú iðulega einhverjar umræður um dygðir og hvernig hægt er að taka á hinu og þessu sem þær varða, hvort þær séu sjálfar að fara eftir þeim. Það kom einnig fram að almennt væri starfsfólk mjög áhugasamt og ekki síst hugmyndaríkt að finna leiðir til að vinna með dygðirnar. Leikskólakennararnir tengja hversdagsleg atvik við dygðirnar. Nefnt var dæmi af starfsmanni sem var búinn að koma tvisvar inn og segja frá einhverju sniðugu atviki þegar einhver sagði: „Já, þú getur nú bara tengt þetta við einhverja dygð,“ og viðkomandi dreif í að skrifa atvikið niður á blað. Það þarf hins vegar stöðugt að vera að ýta við og minna á því eins og einn leikskólakennari sagði:

„mér finnst koma fullt af svona smáatvikum fyrir á hverjum degi, þessi smá atvik með þolinmæði, hugrekki og...“ og önnur sagði „það er akkúrat þetta að læra að þjálfast í að tileinka sér þetta og grípa tækifærin.“

Vegna þess hve þetta efni er huglægt þurfa allir að vera vel vakandi yfir að grípa tækifærin og skrá þau hjá sér ef gera á það ósýnilega sýnilegt.

Opna umræðan hefur verið til góðs

Leikskólakennararnir telja sig sjá framför hjá börnunum almennt við að tjá tilfinningar sínar og í félagstengslum.

Páll (3,11) átti erfitt með að tengjast öðrum bæði fullorðnum og börnum þegar hann byrjaði í leikskólanum, haustið 2001. Hann tók ekki mikinn þátt í umræðum til að byrja með og tjáði ekki tilfinningar sínar, en nú hefur orðið breyting á. Einn daginn þegar hann var að klæða sig í útifötin sagði hann við Hófý, leikskólakennara, „ég sakna svo Gurrý.“ Hófý sagðist skildi segja Gurrý, leikskólakennara sem var í fríi, frá því að hann saknaði hennar, hún yrði glöð að heyra það. Þá svaraði Páll „ég er glaður núna, ég er glaður í hjartanu mínu.“ Mamma Páls hefur einnig sagt þeim að þegar hann hafi verið hjá pabba sínum þá hafi hann sagt „pabbi, ég er ekki einmanni þegar við erum tveir saman.“

Það er álit leikskólakennaranna að þessi opna umræða um tilfinningar sem tengist þróunarverkefninu hafi hjálpað börnum eins og Páli að þekkja tilfinningar sínar og setja orð á þær. Damon⁶⁷ segir að um leið og börnin geti farið að tjá sig við aðra, þá hafi þau myndað sér skoðun og eigi aðgang að gildum og menningu samfélagsins. Það er einnig álit þeirra að eftir að þróunarverkefnið hófst séu kennarar og annað starfsfólk leikskólanna opnara. Þeir telja að meiri virðing sé ríkjandi gagnvart hvert öðru, bæði hjá börnum og fullorðnum.

Leikskólakennararnir telja að það hafi verið misauðvelt að vinna með dygðirnar með börnunum. Vingjarnleikinn hafi verið auðveldur, það sama má segja um hugrekki. Hins vegar hafi flestum fundist erfitt að vinna með dygðina hófsemi því það er svo huglægt og ekki öllum tamt að nota það hugtak. Yngstu börnin hafi átt mjög erfitt með að skilja það. Það er helst að hugtakið hafi verið notað við matarborðið. Eitt barn sagði þegar það var spurt hvað orðið hófsemi þýddi. „Umm, hópsemi (setti í brýrnar og var djúpt hugsuð litla stund), það er svona að vera kurteis í hóp“. Þessi skýring er svo sem ekki verri en hver önnur en segir okkur að það skiptir máli hvaða skilgreiningu og skilning hver og einn leggur í orðin og hugtökin.

Það sem leikskólakennurinum fannst að hefði mátt fara betur var að byrja að vinna markvissar með starfsfólkið áður en farið var að vinna með börnin. Það sem þeim fannst hins vegar standa upp úr voru sameiginlegir vinnufundir starfsfólks, þar sem kennarar fengu tækifæri til að skiptast á hugmyndum og leiðum til að vinna með

⁶⁷ Damon, 1988:3

dygðirnar með börnunum. Það væri líka eftirtektarvert að fólk bæri orðið meiri virðingu fyrir hvert öðru og hlustaði betur á börnin.

Gerðirnar segja meira en orðin

Í fyrirlestri á fræðslufundi fyrir foreldra í upphafi verkefnisins lagði Kristján Kristjánsson áherslu á þrennt sem foreldrar ættu að gera varðandi verkefnið.

- Taka þátt, með því að lesa það sem frá leikskólanum berst um verkefnið, spyrja spurninga, segja skoðun sína og koma með ábendingar.
- Lesa sögur fyrir börnin sín og ræða innihald þeirra við þau, spyrja þau spurninga eins og af hverju hagar sögupersónan sér svona, hvað hefðir þú gert og svo framvegis.
- Vera fyrirmynd, hafa ber í huga að við erum alltaf fyrirmyndir barnanna okkar, en hvernig fyrirmyndir erum við, breytum við eins og við segjum.

Það kom fram hjá foreldrum bæði í rýnihópum og könnunum sem gerðar voru að þeim fannst upplýsingastreymi frá leikskólunum er varðandi verkefnið vera gott, en hefðu viljað hafa meiri upplýsingar í formi skráninga inni í leikskólanum, þ.e. það sem börnin voru að fást við í hinu daglega starfi.

Í viðtölum við foreldra kom fram að þeir nýta sér bókalista sem leikskólarnir hafa tekið saman, við að velja bækur til að lesa fyrir börnin og dygðavísa til að ræða um verkefnið heima.

Í viðtölum og í rýnihópum komu bæði foreldrar og leikskólakennarar inn á mikilvægi fyrirmyndar hins fullorðna. Eitt af því sem foreldrar töluðu um var að virðingin fyrir einstaklingnum og virðing fyrir reglum samfélagsins væri það sem skipti máli í því að vera fyrirmynd. Gefum einu föður orðið:

„...að mínu mati þá er það virðingin og hvernig þú kemur fram við barnið sem skiptir máli þá hlýtur þú að vera góð fyrirmynd. Líka þegar við erum t.d. að fara yfir gangbraut sem dæmi ... að virða reglur samfélagsins, því börnin líta alltaf upp til þín. Gerðirnar segja meira en orðin.“

Leikskólakennararnir sögðu það sama:

„... virðing ...að virða reglur. Eins og þegar við fórum yfir gangbraut í haust þegar við vorum að læra umferðareglurnar, þá ræddum við um virðinguna fyrir reglum samfélagsins.“

„Að vera fyrirmynd felst í að vera samkvæmur sjálfum sér,“ sagði eitt foreldri og benti á að með því að rækta sambandið við börnin sín á unga aldri þá væri verið að leggja inn, „safna punktum,“ eins og það var orðað, fyrir unglingsárin því „þá þurfa þau frekast að leita til foreldranna og þá er mikilvægt að vera búin að skapa þetta traust. Það gerum við með því að vera einlæg og tala með hjartanu.“

Annað foreldri benti á að þetta verkefnið hefði skilað sér til foreldra á þann hátt að þeir yrðu að haga sér í samræmi við það sem sagt væri því þeir væru fyrirmyndin og að börnin lærðu það sem fyrir þeim væri haft.

Í öllum þremur leikskólunum virðast leikskólakennararnir vera meðvitaðir um að þeir eru fyrirmyndir. Það kemur fram í því hvernig þeir komu fram við börnin, hvernig þeir sýndu börnunum umhyggju og hlustuðu á þau af athygli og virðingu. Og hvernig þeir hvöttu þau til samstarfs og hjálpssemi. Hér er dæmi um hvernig leikskólakennari notaði sjálfa sig sem fyrirmynd:

Börn sitja á dýnu og skoða bækur. Jósep (2,6) og Baldur (2,4), eru að skoða bók saman, þegar Lína (2,8), kemur réttir Jósep að henni bók, en Lína slær á bókina og segir „nei.“ Jósep réttir bókina í átt að leikskólakennaranum sem segir „má ég fá þessa bók, takk, en hvað þú ert góður.“

Lína sá og heyrði hvernig leikskólakennarinn brást við. Leikskólakennararnir telja það vænlegt til árangurs að nota sjálfa sig sem fyrirmyndir á þennan hátt, sérstaklega þegar verið er að fjalla um svo huglægt efni sem dygðir og tilfinningar og viðbrögð við þeim. Það sama sýna rannsóknir sem gerðar hafa verið í leikskólum, á mikilvægi hins fullorðna sem fyrirmyndar.⁶⁸

Dæmi um hvernig hlustað var á börnin: „Bíddu Jóel ég er að hlusta á Bjart,“ þannig fær barnið staðfestingu á að það sem það er að segja skiptir máli og hitt barnið veit að þegar röðin kemur að því þá hefur það athyglina. Leikskólakennarinn leiðbeindi börnunum þegar þau voru að læra að veita og þiggja hjálp.

Baldri gekk ekki að setja bókina aftur í bókarekkann, leikskólakennarinn spyr börnin „getið þið hjálpað Baldri að setja bókina upp í?“ Börnin hjálpuðust að við að setja bókina í rekkann.

Að framansögðu má draga þá ályktun að leikskólakennararnir og foreldrarnir eru meðvitaðir um áhrif sín sem fyrirmyndir. Þeir beita áhrifum sínum markvisst sem einni af leiðunum í að efla siðferðis- og félagsþroska barnanna. Hjá Ekholm og Hedin kemur fram að í leikskóla þar

⁶⁸ Ekholm og Hedin, 1993

sem kennararnir eru meðvitaðir um áhrif sín þar eru börnin virkari í leik og námi.⁶⁹ Mannkostir verða ekki kenndir eftir einhverri uppskrift, né á einhvern einfaldan hátt, fyrst og fremst er að taka barnið alvarlega og sýna því virðingu og hjálpa barninu að haga sér af virðingu gagnvart öðrum.⁷⁰ Þetta virðast foreldrar og leikskólakennarar sem hafa verið þátttakendur í lífsleikniverkefninu gera.

Raddir verkefnisstjórnanna

Verkefnið óx og tók til fleiri þátta en gert var ráð fyrir í upphafi. Þar komu til kynningar og fyrirlestrar víða um land, bæði hjá leikskólum og félagasamtökum, skrif í blöð og ráðstefnuhald svo eitthvað sér nefnt. Það tók smá tíma að virkja alla í upphafi, en eftir því sem á leið og fólk fór að finna til meira öryggis gagnvart verkefninu og sjá árangur urðu fleiri virkir. Það heyrðust raddir um að erfitt væri að vinna með orðið dygðir og töldu jafnvel sumir að erfitt yrði að nota hugtök eins og virðing, hófsemi, áreiðanleiki og ábyrgð með svo ungum börnum, en það átti eftir að breyttast smám saman. Samstarf við foreldra hefur verið mjög gott að mati verkefnisstjórnanna, foreldrafélögin hafa verið vakandi fyrir að hafa verkefnið að leiðarljósi t.d. þegar keyptar hafa verið leiksyningar í leikskólana fyrir börnin.

Skipulagið gekk upp að mestu en þó má t.d. skoða betur eins og verkaskiptingu og forgangs röðun verkefna, t.d. vildi verkefnið stundum sitja á hakanum vegna veikinda eða annara þátta. Þrátt fyrir að verkefnið ætti að vera sem rauður þráður í gegnum allt daglegt starf leikskólans þá kom það fram hjá verkefnisstjórum að verkefnið gat setið á hakanum vegna t.d. jólaföndurs, útskrifta, vorsýninga og annarra þátta þar sem verkefnið hefði í raun átt að geta verið samofið.

Í einum leikskólanum fór verkefnið hægar af stað en í hinum tveimur, t.d. voru leshópar þar ekki fyrsta veturinn, sem varð til þess að fólk var ekki nógu meðvitað um verkefnið og tók það ekki til sín, gerði það ekki að sínu. Einn leikskólakennarinn sagði að það væri allt annað að vinna að verkefninu eftir að allir væru orðnir meðvitaðri og litu á sig sem þátttakendur í því. Fullan⁷¹ talar um mikilvægi þess að

⁶⁹ Ekholm og Hedin, 1993:3

⁷⁰ Bohlin og Ryan, 1997:24

⁷¹ Fullan, 2001:50

kveikjan fyrir verkefninu sé skýr og ígrunduð og að hún komi frá þeim sem vinna verkið, það sé í raun forsenda þess að það nái að festast í sessi.

Þó allir væru ánægðir með að vera í leshópum, þá gekk misvel að fá fólk til að lesa fræðibækur, einkum þær sem ekki voru á íslensku. Þetta veikir vissulega fræðilega grunninn. Ef til vill hefði verið betra að verkefnisstjórar og deildarstjórar í leikskólunum hefðu myndað leshópa þar sem farið hefði verið í ákveðið efni og því svo miðlað til annarra í umræðuhópum, og lesefnið gert þannig aðgengilegt öllum.

Mjög mikilvægt er að fundargerðir séu nákvæmar og þar séu skráðar allar ákvarðanir er verkefnið varðar. Þróunarverkefni af hvaða stærðargráðu sem er á bæði sínar veiku og sterku hliðar og í mörg horn að líta þegar skipuleggja á þriggja ára starf með þremur leikskólum. Það reynir á að samstarf þeirra sem eiga að halda utan um verkefnið sé gott og verkaskipting skýr. Ekki virðist hafa verið rætt nægjanlega vel í upphafi verkefnisins með hvaða hætti verkaskiptingin ætti að vera, annars vegar innan leikskólanna, þ.e. að gera sem flesta ábyrga fyrir verkefnum með því að deila þeim, og hins vegar á milli ytri verkefnisstjóra og verkefnisstjóra leikskólanna. Orsaka er kannski helst að leita í að allir voru að takast á við verkefni af þessari stærðargráðu í fyrsta sinn og að farið var nokkuð hratt af stað og viðfangsefnið ekki nægjanlega vel ígrundað. Það sem virðist skipta mestu máli um hvort verkefni gangi eða ekki er hvort meirihlutinn sem á að taka þátt í því sé því sammála og hafi fengið að koma sínum skoðunum á framfæri við undirbúninginn. Það er vitað að hugmyndir að breytingum sem koma einhliða ofan frá virka ekki. Það hefur einnig komið í ljós að hugmyndir að breytingum sem byrja niðri í grasrótinni ýmist mistakast eða fá ágætis byrjun en nást ekki að festast í sessi, því þau hjóta ekki þann stuðning stjórnenda sem þarf.⁷²

Við undirbúning og framkvæmd þróunarverkfenis þarf að taka tillit til margra þátta, mikilvægt er að gefa sem flestum tækifæri á að eiga hlut að máli, þannig að tryggt sé að þeir sem vinna eiga verkið geri það að sínu.

⁷² Fullan, 2001:66

8. Það mun verða fram að koma sem ætlað er

Uppeldisfræðilegri skráningu er ætlað að draga fram það ósýnilega í leikskólastarfinu, hvernig börnin læra, hvaða leiðir þau fara við að takast á við ný verkefni, að varpa ljósi á augnablikin sem skipta máli. Skráningar krefjast þess að kennarinn sé sífellt vakandi fyrir því sem er að gerast og setja það í samband við spurninganna sem spurt er í upphafi.

Það gekk misvel að fá kennarana til að tileinka sér þau vinnubrögð sem fylgja uppeldisfræðilegum skráningum. Dæmigert svar þegar spurt var hvort þær hafi skráð niður umræðurnar sem höfðu átt sér stað og atvik, var til dæmis:

„voðalega, voðalega lítið, maður hefur bara svo ótrúlega lítinn tíma eitthvað...“
„...maður þyrfti helst bara að hafa bókina og pennann bara við borðið eða eitthvað...“

Það var ekki mjög algengt að kennarar nýttu sér diktafóna til að taka upp umræður barnanna eða myndbandið sem leið til að skoða samskipti barnanna, þrátt fyrir að í öllum leikskólunum er slíkur búnaður til. Einn verkefnisstjórinn hitti sennilega naglann á höfðuð þegar hún sagði:

„Þetta er kannski líka bara að maður læri að tileinka sér þessar skráningar, maður er ekki nógu „fókusaður“ á það að muna eftir þeim, ég held að það sé málið maður þarf bara að læra að tileinka sér þær.“

Gagnasöfnun vegna mats á þróunarverkefninu byggðist að miklu leyti á skráningum úr starfinu með börnunum, hvort þau væru að tileinka sér dygðirnar og þá hvernig. Áður en lagt er af stað er mikilvægt að kanna hvaða tæk starfsmannahópurinn hefur á þeim gagnasöfnunarleiðum sem valdar eru, svo gagnasöfnun verði markviss. Það vantaði á að allir gerðu skráningar, þannig að hægt væri að sjá hvernig dygðirnar birtust á mismunandi hátt hjá börnunum og hvernig þau væru að nota hugtökin við hinar ýmsu aðstæður. Boðið var upp á fyrirlestra og námskeið í uppeldisfræðilegum skráningum sem nýttist að einhverju leyti. Það má vera að betra hefði verið að velja úr nokkra kennara sem lykilpersónur í skráningum, þannig hefði gagnasöfnunin kannski orðið markvissari.

Ekki voru gerðar samanburðarskráningar á þeim börnum sem komu ný inn í verkefnið á meðan á því stóð og þeim sem voru búin að ganga í gegnum verkefnið í

einhvern tíma. Þar er aðeins stuðst við orð þeirra sem tóku við börnunum sem hægt er að nota sem gögn. Hitt hefði verið sterkara að hafa skráningar einnig. Þarna fór gott tækifæri til að skoða saman tvo hópa forgörðum.

Það kom fram hjá foreldrum bæði í könnunum og rýnihópum að þeir vilja fá að vita miklu meira um hvað fram fer í leikskólanum dagsdaglega, með t.d. skráningum úr starfinu sem barnið þeirra er að taka þátt í. Foreldrar vilja geta lesið um það sem börnin þeirra eru að fást við yfir daginn, gefum einu foreldri orðið,

„...hvernig þau nálgast viðfangsefnið, það væri ofsalega gaman að vita það, jafnvel hvað hver og einn segir, umræður þeirra og svoleiðis það væri gaman, fá myndir og samtöl og allt þetta.“ Annað foreldri sagði: „Þau sitja saman í hóp og ræða málið og þá kemur svo margt fram sem ekki gerist heima og barnið segir eitthvað skemmtilegt.“

Innlögn dygðanna

Hvernig staðið er að innlögn dygðanna skiptir máli, lögð var áhersla á að ekki væri um að ræða fræðslu eða mötun, heldur væri frekar um innleiðingu að ræða, með því að nota samræður og aðstæður í daglega starfinu til að auka skilning barnanna á hugtökunum. Það kom fram að fólki fannst erfitt að fóta sig í vinnunni með dygðirnar. Í einum leikskólanna kom fram hjá kennurum að þetta lenti oft „svona til hliðar“, þó reynt væri að hafa þetta á bak við eyrun allan tímann. Þeim fannst vanta betri ramma utan um til hvers væri ætlast af þeim og fannst upplýsingar til sín oft óljósar og ómarkvissar. Ein af ástæðunum sem voru nefndar fyrir því hversu oft þetta var í lausu lofti var hversu óáþreifanlegt þetta væri allt saman. Allir voru þó sammála um að umræðan hefði skilað sér til barnanna. Það má vera að betra hefði verið að einskorða verkefnið við fáa í stað þess að allir í öllum leikskólunum væru þátttakendur, það var hins vegar val verkefnisstjóranna og leikskólastjóranna í upphafi að fara þessa leið.

Við innlögn dygða voru oft einhverjir áherslupættir sem höfðu með persónueiginleika að gera sem urðu ofan á, t.d. er orðheldni persónuleikaeiginleiki, sem lögð var mikil áhersla á við innlögn á dygðinni áreiðanleiki. Hjá Bohlin og Ryan kemur fram að ráðvandur einstaklingur væri sá sem segði það sem hann meinti, meinti það sem hann segði og héldi orð sín.⁷³ Dæmi um hvernig börnin túlka áreiðanleikann

⁷³ Bohlin og Ryan, 1997:8

er þegar Egill (4,5) er að leggja áherslu á að Hafsteinn vinur hans haldi orð sín þegar hann hefur valið.

Egill (4,5) vill oftast vera á sama svæði og Hafsteinn vinur hans og reynir því að velja sama svæði, oft tala þeir sig saman um hvað þeir ætla að velja. Einn morgun segir Egill „ef Hafsteinn velur ekki svæðið sem hann var búinn að segjast ætla að velja þá er hann ekki áreiðanlegur.“

Þannig skiptir máli hvernig innlögnin er á dygðunum og hvernig því er fylgt eftir. Ekki var mikið um að spurt væri áfram til að kanna nánar, né að skoðað væri eða borið saman hvernig hugmyndir barnanna breyttust eftir því sem unnið var með dygðirnar, þó var það ekki algilt.

(...) Í þeim tilgangi að skoða hvort og þá hvernig hugmyndir barnanna um hugtakið kurteis breyttust á meðan á umræðum okkar stæði, ákvað ég að spyrja þau tvisvar, fyrst í nóvember í upphafi og svo í lokin í janúar, um hvað væri kurteis. (...) (...) Ég tel að börnin séu að tileinka sér kurteisina við matarborðið og við komu og brottför í leikskólann. Og einnig gera þau mun á kurteis og ókurteis. Ég var ánægð með breytingar á svörunum hjá börnunum þó svo að þessi tvö hafi eingöngu svarað þá voru svörin ólík.

Þegar var verið að vinna með kurteisina, var mikil áhersla lögð á að börnin notuðu spurningar eins og „viltu rétta mér...“ og „má ég...“ og svo framvegis. Það skilaði sér til barnanna eins og dæmin sýna.

Börnin eru öll lögst á dýnu í hvíld þegar Ómar (3,4) segir við Þórdísi (3,2) „Þórdís þú truflar mig, færðu þig.“ Þórdís hreyfir sig ekki. Kennarinn kemur hér inni og segir „Ég er viss um að Þórdís færir sig, hún er svo góð stelpa.“ Þá segir Þórdís „þú átt að segja viltu færa þig“, „viltu færa þig?“ spyr Ómar þá. Þórdís færir sig frá honum.

(...) Frá því að við byrjuðum að vinna með kurteisina höfum við sérstaklega tekið á því við matarborðið til dæmis hvernig maður spyr kurteisilega um meira og allir byrja jafnt, þakka fyrir matinn og fleira. (...) Ég tel að börnin séu að tileinka sér kurteisina við matarborðið og við komu og brottför í leikskólann.

Yfirleitt var ekki rætt um hvort skilaboð væru skýr og þá hvort þau fælu í sér einhverja kurteis eða ókurteis. Skilaboð Ómars í dæminu hér á undan, voru mjög skýr og fela ekki í sér neina ókurteis, en þau er einmitt dæmi um hversu mikilvægt það er að ræða um viðhorf og gildismat hugtakanna. Það skilur þetta hver á sinn hátt.

Börnin tengdu gjarnan það að „vera góður“ saman við að „vera kurteis.“ Dæmi um skilaboð til barnanna er: „Ég er viss um að Þórdís færir sig, hún er svo góð stelpa.“ Er þá það sama að vera góður og kurteis? Þetta staðfestist í svörum barna fæddum 1999 þegar spurt var:

„finnst ykkur Hrakki vera kurteis?“ „Nei“ svara þau öll. „Hvers vegna ekki?“ „Af því hann er vondur“ „Getur maður ekki verið kurteis ef maður er vondur?“ „Nei“ „Hvernig sýnir maður kurteisi?“ „Með því að vera góður“ svara börnin.

Börn fædd 1999 voru þátttakendur í verkefninu frá byrjun. Til að skoða áhrif verkefnisins voru tekin viðtöl við þau í lok verkefnisins. Ef skoðuð eru svör þeirra virðist sem skilningur þeirra á hugtökunum sé nokkur og að þau séu fær um að nota hugtökin við ýmsar aðstæður. Skipulögðu umræðustundirnar þar sem samræðuform heimspekinnar hefur verið notað, virðast einnig hafa haft áhrif á hvernig þau hlusta á hvert annað og fá tækifæri til að tjá skoðanir sínar.

Áður en við byrjuðum lagði Ingólfur til að þau réttu upp hendi þegar þau vildu tala. (...)

(...) „Þegar maður er boðinn í afmæli þá sýnir maður kurteisi með því að gefa gjafir og að borða fallega.“ sagði Ólafur. (...) „Á ég að segja þér að einu sinni sagði Steinar, asni við Viktoríu og mig og hann sagði aulabárður við okkur“ sagði Stefanía. „Og hvað fannst ykkur um það?“ „Ekki kurteisi, heldur dónalegt“ svaraði Ingólfur. (...)

(...) „Ef einhver festist einhvers staðar og þá getur maður hjálpað, þá sýnir maður kurteisi“ sagði Viktoría, „og maður sýnir samkennd“ bætti Ólafur við, „og virðingu“ sagði Ingólfur. (...)

(...) „Í leikskólanum höfum við lært um kurteisi, samkennd, hugrekki og tillitsemi og líka um hófsemi“ sagði Ólafur.

Þegar ég tók eftir því að ein stelpa í hópnum dróg sig í hlé og tók ekki þátt í samræðunum, virtist feimin bauð ég henni að koma og setjast við hliðina á mér, þá sagði Auður „út af því að við erum allar saman á deild og hún er á annarri deild þá er hún feimin“ Þegar Saga var sest við hliðina á mér bætti Auður við „já hún sér kannski ekki svo mikið þarna, nú sér hún betur“

Einn hópurinn virtist þó ekki alltaf skilja orðin og hugtökin sem rætt var um og voru sum barnanna mjög hikandi í að taka afstöðu, svöruðu stundum með því að kinka kolli, eða yppta öxlum.

„Getið þið sagt mér frá einhverjum sem er kurteis?“ „þegar maður ætlar að drepa hann, þá er maður bara svona feiminn og þá ætlar maður að...“ sagði Karl „Er kuteisi að drep...“ „þá var ég bara að dreyma og skar bara hornið af honum“ hélt Karl áfram. (...)

„Hvað er að gera rangt?“ „það getur verið að anda“ svarar Karl, „getur verið rangt að anda? „Já“ svarar Karl „viltu útskýra þetta fyrir mér“ „Já, ef maður er í djúpu... þá getur maður ekki andað. Ef það kemur reykur inn í munninn þá getur maður ekki andað“ segir Karl. „Jón, hvað heldur þú... hvað er að gera rangt?“ „Þá getur hann ekkert andað“ grípur Karl inní. Jón horfir á Karl og segir „að geta andað“ „Kristín, getur þú sagt mér hvað er að gera rangt?“ Kristín ypptir öxlum og segir „að hjálpa svo mikið.“

Það er ekki hægt að alhæfa út frá svönum því það er fleira sem skiptir máli, t.d. er eitt að því sem hefði mátt skoða hvernig kennararnir lögðu efnið fyrir og fylgdu því eftir. Þeim þætti hefði mátt gera betri skil. Hugsanlega getur munurinn á svöum barnanna legið þar, ásamt því hversu einstaklingarnir eru ólíkir. Ekki verður dregin frekari ályktun hér.

Það kom fram í viðtölum og víða hjá leikskólakennurum og öðru starfsfólki hvað því fannst virðing fyrir hvort öðru, hugmyndum og verkum annarra hefði aukist, einnig að þessi eignarhaldstilfinning sem stundum gerði vart við sig innan starfsmannahópsins hefði horfið að mestu. Það þykir nú orðið sjálfsagt að deila með sér hugmyndum og upplifunum og gefa ráð. Þetta væri sú breyting sem starfsfólki þætti mest um vert og skilaði sér beint inn í starfið á allan hátt. Það væri áhugavert að vita hvort hefði nú hafa haft meiri áhrif efni þróunarverkefnisins eða það að vera þátttakandi í þróunarverkefni.

Það ætti að vera bæði mannbætandi og þroskandi að taka þátt í verkefni þar sem siðfræðin er höfð að leiðarljósi. Ætla mætti að þátttakan gerði starfsfólk hæfara til að leggja inn siðfræðileg gildi og dygðir í framtíðinni. Orðræðan er svo sterk og það skiptir máli í hvaða átt henni er leyft að fara, jákvæð umræða stuðlar að bættara andrúmslofti og léttir alla vinnu.

Að lokum

Í skráningunum af samskiptum barnanna að dæma, virðist siðferðisumræðan hafa áhrif, en eins og áður hefur komið fram þá eru börnin líka að eldast og þroskast og erfitt að greina á milli hver áhrifavaldurinn er. Í viðtalinu við leikskólakennaranna mátti greina að það er aðallega stuðst við tilfinningu fyrir að verkefnið sé að ganga. Það kom skýrt fram að það vantar töluvert upp á að skráningum sé beitt markvisst við að skoða samskipti barnanna, sterkara hefði verið að fá fleiri skráningar sem sýndu hvernig börnin eru að nota dygðirnar í daglegum samskiptum í leikskólanum.

Út frá þeim gögnum sem fyrir liggja verður hins vegar dregin sú ályktun að verkefnið Lífsleikni í leikskóla sé að bera árangur sem felst í því að fullorðnir og börn sýna hvort öðru umhyggju, vináttu og virðingu og að í því felist agaðri einstaklingar. Börnin virðast hafa náð að tileinka sér notkun á siðferðilegum hugtökum Það er svo

spurning hvort þau hafi náð að gera þau að sínum, þ.e. að notkunin verði þeim eðlileg. Það kemur í ljós síðar. Þau börn sem eru komin í grunnskóla hafa sýnt að þau hafa hvatann til að stjórna sér og að þau geta unnið sjálfstætt, samkvæmt upplýsingum kennara fyrsta bekkjar virðast þau vera fljót að tileinka sér reglur og halda áfram að vinna þó kennarinn bregði sér frá, það er merki um innri aga.

Eins og áður sagði má velta því fyrir sér hvað af því sem börnin tileinkuðu sér var vegna aukins þroska og hvað vegna verkefnisins. Það er ekki auðvelt að greina þar á milli. Ein móðir orðaði það ágætlega þegar hún sagði: „Ég sé alltaf mun á barninu mínu eftir tíma í leikskólanum, en hvort það er verkefnið eða eitthvað annað þori ég ekki að fara með. En ég sé breytingu varðandi aga og reglusemi hjá henni.”

9. Hvað svo?

Það er ósk okkar sem að verkefninu stóðum að því ljúki ekki þegar börnin fara í grunnskóla, heldur haldi áfram. Kennari í Síðuskóla segir áberandi hvað hópurinn sem hafði verið þátttakandi í verkefninu skildi allt vel og hafði hugtökin á hreinu. Þegar rætt var um hugtök eins og kurteisi gátu þau nefnt mörg dæmi og sagt sögur af því hvernig hægt væri að sýna kurteisi og hvernig sá sem væri kurteis hagaði sér. Þetta telur þessi kennari sig ekki hafa upplifað svo sterkt áður. Börnin eru mjög flink að tjá sig og tala um heiðarleika og hugrekki og fleiri hugtök eins og sá sem veit. Það þarf ekki að byrja að ræða við þau um t.d. hvernig maður sýnir öðrum tillitsemi þau kunna það. Þetta verkefni er gott tækifæri til að efla samstarfið milli skólastiganna því það er verið að byggja góðan grunn með því að barn sem er félags- og tilfinningalega læst og hefur öðlast innri aga það ætti að eiga auðveldar með að læra að reikna, skrifa og lesa, að mati fyrsta bekkjar kennarans. Það er svo mikilvægt að halda við þessum neista sem búið er að tendra og bæta við.

Ef grunnskólinn grípur boltann og heldur honum á lofti ættu börnin sem voru þátttakendur í þróunarverkefninu að hafa möguleika til að vera bæði góðir og fróðir unglingar. Kennsla í dygðum og lífsgildum á að fara fram innan skólans eins og utan, hún er hluti af því að menntast.⁷⁴

Foreldrafélag Síðusels skrifaði áskorun⁷⁵ til verkefnishóps á vegum verkefnisins „Barnið í brennidepli“ sem er í gangi hjá Skóladeild Akureyrar og Skólaþróunarsviði HA, þar sem hvatt er til að unnið verði áfram með dygðirnar eftir að börnin koma í grunnskóla.

⁷⁴ Damon, 1988:131

⁷⁵ sjá fylgiskjal 11

Heimildir

- Aðalnámskrá leikskóla. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið
- Armstrong, Thomas. 2001. Erla Kristjánsdóttir, þýddi og staðfærði. *Fjölgreindir í skólastofunni*. Reykjavík, JPV útgáfa.
- Bohlin, Karen og Kevin Ryan. 1999. *Building Character in Schools*. Practical ways to bring moral instruction to life. San Francisco, Jossey-Bass, A Wiley Company.
- Bohlin, Karen, Deborah Farmer og Kevin Ryan. 2001. *Building Character in Schools. Resource Guide*. San Francisco, Jossey-Bass, A Wiley Company
- Cuffaro, Harriet. 1995. *Experimenting with the world*. John Dewey and the early childhood classroom. New York, Teachers College Press.
- Dahlberg, Gunilla, Peter Moss og Alan Pence. 1999. *Beyond Quality in Early Childhood Education and Care: Postmodern Perspectives*. London, Falmer Press.
- Dahlberg, Gunilla. 2002. *Från kvalitet till meningsskapande*. HLS Förlag, Stockholm.
- Damon, William. 1988. *The Moral Child*. Nurturing Children's Natural Moral Growth. New York, The Free Press.
- Edwards, C., Gandini, L. og Forman, G. 1998. *The Hundred Languages of Children*. The Reggio Emilia Approach – Advanced Reflections. Greenwich, Ablex Publishing Corporation.
- Ekholm, Bodil og Anna Hedin. 1993. *Det sitter i väggarna!* Daghemsklimat – barns och vuxnas utveckling. Lund, Studentlitteratur.
- Fullan, Michael. 2001. *The New Meaning of Educational Change*. Þriðja útgáfa. New York, Teachers College Press.
- Gibbs, Anita. 1997. Focus Group. *social research UPDATE*. Department of Sociology, University of Surrey. Sótt 24. apríl 2003 á slóðina: <http://www.soc.surrey.ac.uk/sru/SRU19.html>.
- Goleman, Daniel. 1995. Áslaug Ragnarsdóttir þýddi. *Tilfinningagreind*. Reykjavík, Iðunn.
- Gossen, Diane. 1996. Magni Hjálmarsson þýddi, 2002. *Uppeldi til ábyrgðar*. Útgáfufélagið Sunnuhvoll.
- Gren, Jenny. 2001. *Etik i pedagogens vardagsarbete*. Stokkhólmur, Liber AB.

- Guðrún Alda Harðardóttir. 2000. "Íslandsröst". Hur är det med förskolor på Island? *Närverksbrev höst 2000*. Reggio Emilia Institutet.
- Guðrún Alda Harðardóttir. 2001. *Í leikskóla lífsins*. Akureyri, Textasmiðjan.
- Gunnar Hersveinn. 2003. Foreldrar læra margt í leikskóla. *Morgunblaðið*, 19.maí, bls.16
- Hitchcock, G. og Hughes, D. 2001. *Research and the Teacher*. A Qualitative Introduction to School-based Research. New York, RoutledgeFalmer.
- Kennedy, Birgitta. 1999. *Glasfåglar i molnen*. HLS Förlag, Stockholm.
- Kristín Aðalsteinsdóttir. 1996. Samskipti kennara og nemenda. *Glæður, tímarit félags íslenskra sérkennara*. 6,1:62-67
- Kristján Kristjánsson. 1993. Að kenna dygð. *Erindi siðfræðinnar. Safn greina á fimm ára afmæli Siðfræðistofnunnar*. [Ritstjóri Róbert H. Haraldsson] Reykjavík, Rannsóknarstofnun í siðfræði.
- Kristján Kristjánsson. 1997. *Af tvennu illu. Ritgerðir um heimspeki*. Reykjavík, Háskólaforlag Máls og menningar.
- Kristján Kristjánsson. 2001. Lífsleikni í skólum. Saga, forsendur, flokkun, vörn. *Uppeldi og menntun*. Tímarit Kennaraháskóla Íslands. 10:81-104
- Lindahl, Marita. 1998. *Lärande småbarn*. Lund, Studentlitteratur.
- Lög um leikskóla, nr 78/1994*. Reykjavík, Menntamálráðuneytið.
- Popov, Linda Kavelin, Ph.D. Dan Popov og John Kavelin. 1997. *The family virtues guide; simple ways to bring out the best in our children and ourselves*. New York, Pengvingroup.
- Rachels, James. 1997. Jón Á. Kalmanntson, íslenskaði. *Stefnur og straumar í siðfræði*. Reykjavík, Háskólaútgáfan.
- Rinaldi, Carla. 2001. Documentation and Assessment. *Making learning visible. Children as individual and group learners*. (Ritstjórar: Claudia Giudici, Carla Rinaldi og Mara Krechevsky), bls.78-90. Reggio Emilia, Reggio Children.
- Sigríður Síta Pétursdóttir. 2002. *Áfangaskrýsla fyrir skólaárið 2001-2002*. Þróunarverkefnið Lífsleikni í leikskóla. Háskólinn á Akureyri.
- Tauguchi, Hillevi Lenz. 1997. *Varför pedagogisk dokumentation?* Stockholm, HLS Förlag.

Tölvuorðabókin. 2000. Útg. 4,1

Listi yfir heimasíður

Leikskólinn Síðusel, www.sidusel.akureyri.is

Leikskólinn Sunnuból, www.sunnubol.akureyri.is

Leikskólinn Krógaból, www.krogabol.akureyri.is

Skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri, <http://vefir.unak.is/skolathroun>

Charcter education <http://www.goodcharacter.com/>

Listi yfir fylgiskjöl

Fylgiskjal 1	Markmið fyrir kennara og börn
Fylgiskjal 2	Dagskrá ráðstefnu í mars 2002
Fylgiskjal 3	Dagskrá ráðstefnu í febrúar 2004
Fylgiskjal 4	Sýnishorn af dygðavísunum
Fylgiskjal 5	Könnun frá ágúst 2001
Fylgiskjal 6	Listi yfir mikilvægi þætti í leikskólauppeldi
Fylgiskjal 7	Foreldraboðorð
Fylgiskjal 8	Spurningar fyrir rýnihópa
Fylgiskjal 9	Dæmisögur og spurningar
Fylgiskjal 10	Sýnishorn af samþykki foreldra
Fylgiskjal 11	Áskorun frá foreldrafélagi Síðusels
Fylgiskjal 12	Ferðalagið
Fylgiskjal 13	Sköpunargleði – skráning

Markmið fyrir kennara

- * Að kennari verði fær um að styðja börn í að hafa taumhald á tilfinningum sínum
- * Að kennari verði fær um að leiðbeina börn í að finna til samúðar með öðrum
- * Að kennari hafi haldgóða þekkingu í uppeldis- og sálarfræði og ákveðna færni í mannlegum samskiptum.
- * Að kennari þekki þau áhrif sem hann hefur sem fyrirmynd.
- * Að kennari þekki sjálfur og virði þær reglur sem eru í gildi til að vera fær um að leiðbeina börnum í að taka tillit hvert til annars og að geta leyst ágreining á friðsaman hátt.
- * Að kennari beri virðingu fyrir öðrum og umhverfi sínu
- * Að kennari finni til samkenndar með meðbræðum sínum
- * Að kennari gangi til verka sinna með jákvæðu hugarfari og gangi á undan með góðu fordæmi.

Markmið fyrir börn

- * Að öðlast innri aga
- * Að læra að bera virðingu fyrir hvert öðru og umhverfi sínu
- * Að auka samkennd
- * Að efla siðferðisvitund
- * Að þekkja muninn á réttu og röngu
- * Að þekkja tengslin milli orsakar og afleiðingu
- * Að jákvæður agi sé ríkjandi
- * Að þekkja tilfinningar sínar og geta brugðist við þeim, s.s glaður, reiður, sorgmæddur og svo framvegis
- * Að læra að taka fólki eins og það er og að viðurkenna að það eru ekki allir eins.
- * Að læra að áhugi og geta er mismunandi, en allir hafa eitthvað fram að færa.
- * Að geta brugðist við áreitum í umhverfinu án þess að missa stjórn á aðstæðum

Ráðstefnan Lífsleikni í leikskóla

Haldin laugardaginn 23. mars 2002

kl. 13:00 – 16:30 í Oddfellow-húsinu

Ráðstefnustjóri Guðrún Hafdís Óðinsdóttir

Dagskrá:

kl. 13:00 *Ráðstefnan sett.*

kl. 13:10 *Kynning á þróunarverkefninu og vinnu við það.*
Sonja Kro verkefnisstjóri Krógabóls og Gerður Ringsted verkefnisstjóri Sunnubóls.

kl. 13:30 *Hlúð að samskiptahæfni barna.* Fyrirlestur Sigrúnar Aðalbjarnardóttur sálfræðings. Hún talar um nýjar áherslur varðandi siðferðisþroska barna út frá kenningum Williams Damons.

kl. 14:10 *„Órannsakað líf er einskis virði.“* Fyrirlestur Sigurðar Björnssonar heimspekings. Hann fjallar m.a. um möguleika heimspekilegrar rökræðu í kennslu, útskýrir hvernig rökræðan kennir gagnrýna afstöðu til þekkingar og skapar forsendur til dýpri skilnings á eigin sjálfi.

kl. 14:40 *Kaffihlé*

kl. 15:00 *Tilfinningagreind – að byrja á byrjuninni.*

Fyrirlestur Margrétar J. Þorvaldsdóttur leikskólakennara. Hún talar m.a. um mikilvægi þess að innleiða rökvísi, skapandi hugsun og umhyggju í tilfinningar.

kl. 15:30 *Andstaðan gegn lífsleikni.* Fyrirlestur Kristjáns Kristjánssonar heimspekings. Þótt almennur áhugi hafi aukist á lífsleiknikennslu í skólum, á Vesturlöndum hin síðari ár, heyrast enn úrtöluraddir. Kristján reifar inntak gagnrýnninnar og svarar henni.

kl. 16:00 *Pallborðsumræður*

kl. 16:30 *Ráðstefnuslit*

Ráðstefnan

Lífsleikni og listgreinar

Leikskólarnir Krógaból, Síðusel og Sunnuból á Akureyri standa að ráðstefnu um Lífsleikni og listgreinar.

Ráðstefnan verður haldin í
Safnaðarheimili Akureyrarkirkju laugardaginn
7. febrúar 2004
kl. 10:00 - 14:00

Dagskrá:

- 9:30 Greiðsla og afhending ráðstefnugagna
- 10:00 Setning
- 10:10 *Við klöppum öll í einu*
Þuríður Sigurðardóttir og
Halla Steingrímsdóttir
- 11:10 *Systkinin leikur og list*
Arna Valsdóttir
- 12:00 Matarhlé
- 12:40 *Snerting, jóga, slökun*
Sigurlaug Einarsdóttir
- 13:30 Ráðstefnuslit
 - Afhjúpað merki þróunarverkefnisins og leikskólanna þriggja
 - Kynnt verða úrslit í keppni um skólasöng

Skráning á netfang god@akmennt.is
lýkur föstudaginn 23. janúar 2004.

Ráðstefnugjald kr. 5.000.– eingöngu er hægt að greiða með peningum

Höfum það hugfast að þetta eru stór og háleit markmið sem við setjum okkur og við eigum örugglega eftir að hrasa, en þá stöndum við upp aftur og höldum áfram í átt að því markmiði sem við höfum sett okkur. Aldrei að gefast upp í leit að betri heimi.

Bókalisti.

Gosi og brúðuleikhúsið.
Hundalíf.
Sigga og skessan í eldsvoðanum.
Jakob og Jóakim eru lögregluþjónar.
Benjamín og Bixi.
Dvergurinn Nikki.
Vaskur gerist brunavörður.
Kári litli og Lappi.
Engan æsing Einar Áskell.

Sönglagalisti.

Þumalfingur, þumalfingur hvar ert...
Höfuð, herðar, hné og tær.
Dagarnir.
Mánuðirnir.
Litalagið.
Lagið um það sem er bannað.
Mamma borgar.
Litill heimur.
Tannavísa.

Hugmyndir að verkefnum með börnum.

- Kenna þeim að ganga alltaf frá eftir sig svo hlutirnir finnast aftur.
- Hringleikir/regluleikir, reynir á að allir t.d. haldist í hendur.
- Gera samvinnuverkefni þar sem hver og einn sinnir ákveðnu hlutverki þannig að verkið gangi upp.
- Kenna börnunum að standa við það sem þau segja. t.d. ætla að leika við Siggu, og standa við það, eða þau ætla að leika á þessu svæði og gera það þá! Láta börnin fara í sendiferðir, sýna þeim það traust. t.d. sækja póstinn, gaffal inni eldhúsi ofl.
- Fara í leiki þar sem börnin þurfa að treysta öðrum, s.s. hjólbörur, skoli bolli, frystileikurinn.
- Fara á bókasafn og fá lánaða bók, sýna áreiðanleika með því að skila á réttum tíma og fara vel með bókina.

Leikskólinn Krögaból

Bugðusíðu 1

Glerárkirkju


603 Akureyri.

S. 4627060

Krogabol@akureyri.is

W.w.w.krogabol.akureyri.is

Leikskólinn Krögaból



Áreiðanleiki

Dygð

í desember og janúar.
2003-2004

Sá er vinur sem í raun reynist.

Fylgiskýjal 4

Hvers vegna ættum við að sýna áreiðanleika.

Þegar við erum óáreiðanleg geta aðrir ekki treyst á okkur. Ef við gerum það sem við ætlum okkur eftir *okkar hentisemi* munu aðrir aldrei vera vissir um að hlutirnir séu gerðir, jafnvel þótt það sé eitthvað mjög mikilvægt. Þetta skapar vantraust og óvissu. Ef einhver gleymir t.d. að kaupa í matinn, verða allir svangir. Ef flugvélar og rútur eru á eftir áætlun geta farþegar misst af mikilvægum fundum. Ef þeim sem byggja hús eða brýr er ekki treystandi fyrir að gera það vel munu aðrir þjást fyrir þau mistök þegar byggingarnar hrynja.

Þegar við höfum tileinkað okkur áreiðanleika sinum við hverju því sem við tökum okkur fyrir hendur af heilindum. Aðrir geta treyst því að við sinnum verfum okkar á traustvekjandi hátt. Það skiptir köpum fyrir öruggt og afslappað umhverfi í lífi okkar. Þegar við erum áreiðanleg geta aðrir treyst því að við sinnum okkar hlutverki.

Enginn veit hvers hann er megnugur fyrr en hann hefur reynt.

Ég vil ekki tala illa um neinn en segja frekar allt það góða sem ég get um alla.

Hvað er áreiðanleiki?

Áreiðanleiki þýðir að aðrir geti treyst á okkur. Það er eitthvað sem við höfum samþykkt að gera á ákveðinn hátt og gerum án þess að þurfa áminningu. Aðrir geta treyst því að „verkið“ verði gert á tilætlaðan hátt á réttum tíma. Við höldum loforð sé þess nokkur kostur. Okkur er mjög umhugað um að gera það sem við höfum ætlað okkur. Aðrir geta slakað á og treyst að við gerum eins og við höfum lofað.

UMRÆÐUPUNKTAR MEÐ BÖRNUM:

- Hvað gerist ef þú segist ætla að leika við einhvern, en gerir það ekki?
- Hvað gerist ef þú ætlar að skiptast á með leikföngin en gerir það ekki?
- Hvað gerist ef þú segist vera búin/nn að fara á klósettið, en ert það ekki og ferð beint út?
- Hvernig sýnum við áreiðanleika?
- Hvernig sýnum við hann ekki?
- Af hverju eigum við að vera áreiðanleg?
- Hvernig líður okkur þegar við erum áreiðanleg?

Hvernig tileinkum við okkur áreiðanleika

Ef við setjum okkur markmið sem við getum staðið við erum við áreiðanleg. Við gerum allt til þess að „verkið“ standist. Við tryggjum það að verkið sé gert, nema það hafi verið ómögulegt og ekki á okkar valdi.

Þegar við erum fullorðin og höfum skyldum að gegna eins og að ala upp börn, mála hús, læra læknisfræði eða slökkva eld þá leggjum við okkur fram í þeirri vinnu. Við getum byrjað að tileinka okkur áreiðanleika með því að taka ábyrgð okkar alvarlega, af heilindum, sem mikilvæg markmið!

Við iðkum áreiðanleika með því að skipuleggja fram í timann. Við vitum hvað við eigum að gera og hvernig. Við ætlum okkur einnig hæfilegan tíma til þess að gera verkin. Við gerum okkar besta og klárum á réttum tíma. Ef eitthvað truflar verkið og upphaflega hugmyndin að verkinu breytist, reynum við að vera sveigjanleg og hugsa út nýja leið til þess að klára það. Ein af leiðunum til þess að þjónustu aðra vel er að vera áreiðanlegur.

Betra er heiðarlegt nei en falskt já.

**Könnun meðal starfsmanna í leikskólunum,
Krógaból, Síðusel, og Sunnuból.**

Framkvæmd á skipulagsdegi 31.ágúst 2001

Merktu x þar sem þú telur eiga við.

1. Ég er starfsmaður í leikskólanum:

1() Krógaból 2() Síðusel 3() Sunnuból

2. Ég er:

1() leikskólakennari 2() leiðbeinandi 3() Annað _____

3. Hvaða skoðun hefur þú á því að fara í þróunarstarf í leikskólanum?

1() Mjög ánægð(ur)
2 () Nokkuð ánægð(ur)
3 () Hef ekki skoðun á því
4 () Líst illa á það
5 () Kvíði því

4. Hvernig líður þér í vinnunni í leikskólanum?

1() Mjög vel 2() Vel 3() Ekki nógu vel 4() Illa

5. Hvaða væntingar gerir þú til þróunarstarfsins?

1() Mjög miklar 2() Miklar 3() Frekar litlar 4() Litlar 5() Engar

6. Hvert eftirtalinna lýsingarorða finnst þér lýsa þér best / eigi best við þig?

Merktu við 5 atriði:

1() Heiðarleg(ur)	11() Réttlát(ur)
2() Stundvís	12() Víðsýn(n)
3() Tillitsöm(samur)	13() Þolinmóð(ur)
4() Glaðlynd(ur)	14() Óþolinmóð(ur)
5() Bjartsýn(n)	15() Þröngsýn(n)
6() Sveigjanleg(ur)	16() Óheiðarleg(ur)
7() Samviskusöm(samur)	17() Óstundvís
8() Snyrtileg(ur)	18() Mislynd(ur)
9() Námsfús	19() Svartsýn(n)
10() Umburðarlynd(ur)	20() Hirðulaus

7. Hvert er markmið þitt með starfinu í leikskólanum?

8. Hversu mikið leggur þú upp úr eftirfarandi þáttum í starfi leikskólans?

Barnið þjálfist í að :	Mikið	Nokkuð	Lítið	Ekkert
a) finna hvað vekur áhuga hjá því,				
b) þekkja bókstafina,				
c) nota samræður til að leysa ágreining,				
d) takast á við hið óþekkta,				
e) telja,				
f) færa rök fyrir máli sínu,				
g) taka ábyrgð á sjálfu sér,				
h) þekkja liti,				
i) falast eftir rökum eða ástæðum,				
j) syngja,				
k) setja sig í spor annarra,				
l) færa hugsanir sínar í orð,				
m) fara eftir reglum,				
n) sjá hæfileika sína,				
o) teikna,				
p) taka tillit til annarra,				
q) hlusta á aðra,				
r) leika sér,				
s) finna sjálfst ánægjuna sem felst í verkinu,				
t) vera úti,				
u) hjálpa öðrum,				
v) róla sér,				
w) spyrja spurninga.				

8.1 Hverjir af ofangreindum þáttum frá a) til w) finnst þér mikilvægastir?
Tilgreinið sjö.

1. _____ 2. _____ 3. _____ 4. _____ 5. _____ 6. _____ 7. _____

Þakka þér fyrir að gefa þér tíma til að svara þessum spurningum

Sigríður Síta,
verkefnisstjóri

Listi yfir mikilvægi þætti í leikskólastarfi

©Guðrún Alda Harðardóttir

Hversu mikið leggur þú upp úr eftirfarandi þáttum í starfi leikskólans?

Barnið þjálfist í að :

Mikið

Nokkuð

Lítið

Ekkert

a) finna hvað vekur áhuga hjá því,				
b) þekkja bókstafina,				
c) nota samræður til að leysa ágreining,				
d) takast á við hið óþekkta,				
e) telja,				
f) færa rök fyrir máli sínu,				
g) taka ábyrgð á sjálfu sér,				
h) þekkja liti,				
i) falast eftir rökum eða ástæðum,				
j) syngja,				
k) setja sig í spor annarra,				
l) færa hugsanir sínar í orð,				
m) fara eftir reglum,				
n) sjá hæfileika sína,				
o) teikna,				
p) taka tillit til annarra,				
q) hlusta á aðra,				
r) leika sér,				
s) finna sjálft ánægjuna sem felst í verkinu,				
t) vera úti,				
u) hjálpa öðrum,				
v) róla sér,				
w) spyrja spurninga.				

Hverjir af ofangreindum þáttum frá a) til w) finnast þér mikilvægastir?

Tilgreinið sjö.

1. _____ 2. _____ 3. _____ 4. _____ 5. _____ 6. _____ 7. _____



FORELDRABOÐORÐIN TÍU

FYRSTA BOÐORÐ: LÁTTU FORELDRAHLUTVERKIÐ GANGA FYRIR

Sumir foreldrar á Vesturlöndum hafa um tíma verið í fríi frá börnum sínum. Niðurstöðurnar eru ljósa og ekki uppörvandi. Að ala upp barn og rækta með því mannkosti krefst bæði tíma og athygli. Rannsóknir í kennslufræðum hafa leitt í ljós að lykilatrið góðrar kennslu felst í því að halda nemendum við efnið. Góðir foreldrar láta börnin ganga fyrir.

ANNAÐ BOÐORÐ: VERTU GÓÐ FYRIRMYND

Það er hluti af því að kallast foreldri. Engum líkar það allskostar að vera sífellt góð fyrirmynd en það er eðli málsins. Í raun kemst engin hjá því hvort sem það leiðir til hins betra eða verra. Nútíma sálfræði hefur komist að sömu niðurstöðu og reynsla aldanna hefur sýnt að maðurinn lærir fyrst og fremst af þeim fyrirmyndum sem í kringum hann eru. Hann lærir ekki eingöngu að ganga og tala á þann hátt heldur einnig siðferðileg gildi.

ÞRIÐJA BOÐORÐ: BERÐU EKKI BYRÐARNAR EIN/N

Allir sem umgangast börnin okkar eru fyrirmyndir að einhverju leyti, til góðs eða ills. Þrátt fyrir að foreldrar séu öflugasta fyrirmyndin þá hafa aðrir einnig áhrif á siðferðisgildi og afstöðu barnanna. Bræður og systur, nágrannar og vinir, ættingjar, bílstjórar og skólaliðar hafa áhrif á börnin en þó sér í lagi kennarar. Við verðum að vera vakandi fyrir því hvers konar áhrifum börnin okkar verða fyrir, hvar hægt er að stýra og móta umhverfi þeirra þannig að þau fái að umgangast hið góða.

FJÓRÐA BOÐORÐ: TAKTU VIRKAN ÞÁT Í SKÓLAGÖNGU BARNIS ÞÍNS

Foreldrar, fyrst og fremst, rækta með börnum mannkosti en skólar og þá kennarar spila þar stórt hlutverk. Það er mikilvægt að vita hvað er að gerast í skólalífi barnsins þíns, í námi sem á leikvellinum, í kennslustofunni sem í búningasklefunum. Kennarar verða að vita af áhuga ykkar og finna að þeir hafi ykkar stuðning til ræktunar mannkosta hjá börnunum.

FIMMTA BOÐORÐ: HAFÐU ÁHRIF Á HVAÐ FER INN Í HUGA OG HJARTA BARNSENS

Mannkostir fela það í sér að þroska tilfinningu fyrir réttu og röngu, hvað er sterkur einstaklingur og hvað er veiklunda einstaklingur. Auk þeirra manneskja sem barnið umgengst og mótast af þá eru bækur, sjónvarp, tónlist og kvikmyndir sífellt að bera barninu siðferðileg skilaboð. Foreldrar verða að hafa áhrif á hvaða hugmyndir flæða yfir börnin.

SJÖTTA BOÐORÐ: HALTU ÞIG VIÐ GRUNNATRÍÐIN

Börnin fæðast ekki full af mannkostum eða fullþroskaða siðferðisvitund. Þau þurfa langan tíma til að læra. Byrjið því ekki með háar væntingar eða miklar kröfur. Kennið grunnatrið eins og heiðarleika, umhyggju og ábyrgð. Þegar börnin vaxa úr grasi beinið þá sjónum að þrautseigju, prúðmennsku og réttlæti. Hjálpið þeim að byggja mannkosti á traustum grunni venja og dyggða.

SJÖUNDA BOÐORÐ: AGAÐU MEÐ ELSKANDI HUGA

Börn þurfa ákveðin mörk. Þau verða að fá að vita hvað má og hvað ekki. Þau þarfnast reglna og aðhalds. Þau ganga alltaf lengra en þau mega og brjóta reglur. Skynsamleg ögun er hluti af þroska og námi, sérstaklega þegar rækta skal mannkosti. Börn verða hinsvegar að skilja hvers vegna ögunin er og vita að uppspretta hennar er elska og umhyggja foreldranna.

ÁTTUNDA BOÐORÐ: NOTAÐU SIÐFRÆÐI

Athafnir ættu ekki að kallast „viðeigandi“ eða „óviðeigandi“. Særandi hegðun á einfaldlega að kallast „röng“ eða „slæm“. Hegðun sem stuðlar að vellíðan fjölskyldu eða heill annarra ætti að kallast „góð“ eða „rétt“. Börn ná ekki áttum nema að fullorðnir noti slíkt tungutak.

NÍUNDA BOÐORÐ: TAKMARKAÐU EKKI RÆKTUN MANNKOSTA VIÐ ORÐIN EIN

Börnum verður snemma að lærast að mannkostir eru meira en orðin tóm; „það er eitt að tala um veginn en annað að ganga eftir honum“. Með sjálfsaga, góðum venjum, vingjarnleika og tillitssemi gagnvart öðrum ættu foreldrar að hjálpa börnum sínum að þroska með sér siðferðiskennd. Börn verða snemma að skilja að kjarni mannkosta er hegðun, þeirra eigin hegðun.

TÍUNDA BOÐORÐ: SETTU RÆKTUN MANNKOSTA Í ÖNDVEGI Á ÞÍNU HEIMILI

Foreldrar og börn búa við margskonar utanaðkomandi áreiti. Það eru kröfur um þeirra tíma annað sem dreifir huganum. Tíðarandinn hrópar stöðugt á athygli okkar, tíma og starfsorku. Börnin verða að vita að umhyggja okkar fyrir þeim felst í því að þau noti uppvaxtarárin til að auka þrótt og styrk svo þeim auðnist að verða mannkostafólk.

Building Character in Schools. Kevin Ryan og Karen E. Bohlin, 1999.

Umræðupunktur vegna rýnihópa foreldra og leikskólakennara

Verkefnið “Lífsleikni í leikskóla”, hefur staðið yfir síðan haustið 2001, nú líður að lokum verkefnisins. Það er mikilvægt að raddir allra sem hafa tekið þátt í verkefninu heyrist, því hafa verið settir saman rýnihópar foreldra annars vegar og kennara leikskólanna hins vegar. Í hópanna var valið þannig að hvert foreldrapar sem hefur átt barn í leikskólanum síðast liðin tvö ár fékk númer, ég lét síðan tölvuna velja tilviljunarkennt úr þeim númer og sendi þau svo til verkefnisstjóra hvers leikskóla. Sama aðferð var notuð til að velja kennara til þátttöku.

Ég tek umræðurnar upp á diktafón, slæ þér inn í tölvu, fyrst bara í belg og biðu, síðan mun ég draga umræðurnar saman, túlka þær og vinna sem frásögn. Mjög líklega verða notaðar orðréttar setningar einhvers ykkar, en nöfn ykkar koma ekki fram heldur verður notað orðið foreldrar eða foreldri. Þessar umræður eru mikilvægur liður í að meta verkefnið.

Rannsóknarspurning verkefnisins er: Hefur skipleg siðferðisumræða með leikskólabörnum áhrif á aga í leikskólastarfi?

Hver er skoðun ykkar á því, teljið þið að það hafi haft áhrif? Hvernig?

Markmiðin voru:

- ✓ Að auka virðingu fullorðinna fyrir tilfinningum barna
- ✓ Að efla samkennd barna
- ✓ Að börn læri að þekkja muninn á réttu og röngu
- ✓ Að börn tengi orsök og afleiðingu

Teljið þið að þessi markmið hafi náðst? Hvernig?

Hafa foreldrar orðið varir við að dygðirnar skili sér heim? Hvernig?

Hafið þið orðið vör við að börnin séu meðvitaðri en áður um t.d. réttlæti, þ.e. grípi inn í ef þau verða vör við að verið sé að stríða eða að þau láti sig varða ef einhverjum líður illa? Hvernig, nefnið dæmi.

Það er talið að sú fyrirmynd sem börnin fá skipti mestu máli, þegar kemur að því að tileinka sér ákveðna færni eða framkomu, hver er skoðun ykkar á því og hvað felst í því að vera fyrirmynd?

Foreldrar:

Hvað einkennir bestu stundir ykkar og barnanna?

Starfsfólk:

Hvað eru skemmtilegustu stundirnar í leikskólanum?

Er eitthvað annað sem þið viljið tala um:

Viðmiðunar spurningar vegna rýnihóps barna í árgangi 1999

Hvenær er maður hugrakkur?

Getur maður verið hugrakkur þegar maður segir nei?

Getið þið sagt mér frá því þegar þið voruð hugrökk?

Hvenær er maður kurteis?

Hvernig sýnir maður kurteisi?

Hvernig sýnir maður hófsemi?

Hvernig sýnir maður virðingu?

Getið þið nefnt mér dæmi um hjálpsemi?

Hvað getið þið sagt mér um áreiðanleika?

Hvenær er maður áreiðanlegur?

Hvers vegna þarf maður að vera kurteis?

Hvað getið þið sagt mér um þolinmæði?

Hvað er vinur?

Á maður að gera allt sem besti vinur manns segir manni að gera?

Hvernig getum við þekkt rétt frá röngu?

Hver ákveður hvað sé rétt og rangt?

Dæmisögur og spurningar

Þú og Palli eruð í bílaleik með 4 bíla. Jónas kemur til ykkar og vill vera með. Hvað eigið þið að gera? (reynir á samkennd, vinsemd) Hvers vegna?

Þú ert úti að leika þér og mamma þín er búin að segja þér að þú megir bara vera á lóðinn, ekki fara yfir götuna. Hinum megin við götuna sérð þú krakka í fótbolta og þig langar að vera með. Hvað átt þú að gera? (ábyrgð)

Þú ert í boltaleik inni í stofu og brýtur blómavasann hennar mömmu. Hvað áttu að gera? (heiðarleiki)

Þú fékkst fallega dúkku í afmælisgjöf frá frænku þinni. Hvað áttu að gera þegar þú hefur fengið svona góða gjöf? (kurteisi/þakklæti)

Þú ert búinn að raða upp öllum dýrunum í röð. Jói kemur að þér með lítinn sóp og rekur hann í dýrin. Hvað er réttast af honum að gera? (tillitsemi, virðing, umhyggja)

Leikskólakennarinn er að skipta epli á milli barnanna við borðið. Þú sérð að Kári fær bara einn bita en allir hinir tvo. Hvað áttu að gera? (réttlætiskennd)

Þið Ari eruð saman að leika ykkur úti. Svo sjáið þið stóra hjólið og viljið báðir/bæði hafa það. Hvað eigið þið að gera? (umburðarlyndi)

Komið er að matartíma í leikskólanum og er fiskur í matinn. Tinna má ekki borða fisk því hún hefur ofnæmi fyrir honum, þess vegna fær hún pizzu. Hvað finnst þér um það? (ólíkar þarfir einstaklinga)

Hvernig vilt þú hafa leikskólann þinn?

Hvernig eiga leikskólakennararnir að vera?

Hvernig eiga börnin að vera?

Ágæta foreldri

Ég heiti Sigríður Síta Pétursdóttir og er ráðgjafi við skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri. Síðast liðna þrjá vetur hef ég verið ytri verkefnisstjóri „Lífsleikni í leikskóla“, hlutverk mitt er m.a. að meta stöðu verkefnisins á hverjum tíma og skrifa áfanga- og lokaskýrslu. Matið fer m.a. þannig fram að ég mun taka viðtal við börn, foreldra og starfsfólk leikskólanna þriggja nú í vor. Erindi mitt er að óska eftir að fá að taka viðtal við barnið þitt.

Barnið þitt hefur verið valið úr hópnum barna leikskólans ..., sem eru fædd 1999, til að taka þátt í könnun vegna þróunarverkefnisins „Lífsleikni í leikskóla“.

Valið var handahófskennt í hópinn, það fór þannig fram að ... verkefnisstjóri leikskólans gaf öllum börnum, sem eru fædd 1999 og hafa verið þátttakendur í þróunarverkefninu síðast liðna tvo vetur, númer. Ég sló svo þessi númer inn í tölvuna hjá mér og lét hana velja handahófskennt fjögur númer og sendi það til ... sem bar það saman við listann sinn.

Nú þegar líður að formlegum lokum þróunarverkefnisins er mikilvægt að heyra raddir þeirra barna sem verið hafa þátttakendur frá byrjun. Ég mun taka hópviðtal við börnin, þar sem ég spyr þau meðal annars um skilning þeirra á þeim hugtökum sem unnið hefur verið með síðast liðin þrjú ár. Áætlað er að samverustund þessi taki um eina klukkustund.

Viðtalið verður tekið upp á diktafón og því eytt um leið og búið er að vinna úr því. Nafnleyndar verður gætt, þ.e. nöfn barnanna munu hvergi koma fram, þau eru fulltrúar barna fædd 1999.

Viðtalið verður tekið miðvikudaginn ... 2004, kl ..., í leikskólanum

Með kærri kveðju, Sigríður Síta Pétursdóttir.

Samþykki

Ég hef kynnt mér innihald þessa bréfs og samþykki með undirskrift minni, að barnið mitt taki þátt í þessu viðtali, vegna mats á framgang þróunarverkefnisins.

Akureyri 19. mars 2004

Álitsgerð varðandi verkefnið “Barnið í brennidepli” frá foreldrafélagi leikskólans á Síðuseli.

Í framhaldi af verkefninu “Barnið í brennidepli” vill stjórn foreldrafélagsins á Síðuseli koma á framfæri álitinu sínu á áframhaldandi vinnu með verkefnið.

Leikskólarnir þrír, Krógaból, Síðusel og Sunnuból hafa verið að vinna að þriggja ára þróunarverkefni sem formlega lýkur í maí næstkomandi. Það tekur á siðferði barna í þeim tilgangi að gera þau bæði að betri og upplýstari manneskjum. Dygðakennsla er liður í verkefninu og nokkur dæmi um dygðir sem teknar eru fyrir eru; hugrekki, samkennd, vingjarnleiki, kurteisi og þolinmæði. Lífsleikinn er jafnframt eins og rauður þráður í gegnum allt starf leikskólanna.

Foreldrafélaginu á Síðuseli finnst þessi vinna hafa verið mjög góð og áhifarík og gert börnin betur meðvituð um hvernig á að haga sér til að öllum líði vel, bæði þeim sjálfum og öllum í kringum þau. Þar sem bæði þunglyndi, stress og óánægja er farið að hrjá ung börn í meira mæli en áður telur foreldrafélagið að með áframhaldandi vinnu með dygðirnar í grunnskólum sé hægt að minnka til muna óánægju barna í skólum. Það þýðir þó ekki að byrja þegar börn koma inn í grunnskóla heldur að kynna þessa hugsum strax í leikskólum. Foreldrafélag Síðusels leggur því til að vinna með dygðirnar haldi áfram í gegnum verkefni “Barnið í brennidepli” því þetta eru börn framtíðinnar og við viljum að þeim líði vel og eigi góða framtíð fyrir höndum. Nú er lag að halda áfram með þessa vinnu fyrir þau börn í Síðuhverfi sem þegar hafa kynnst dygðunum. Með því teljum við að frekar megi koma í veg fyrir einelti, þunglyndi fikniefnaneyslu og almenna óánægju. Bæði börnin, kennarar og foreldrar verða að taka þátt í verkefninu og vonandi getum við í framtíðinni séð þessar almennu og gömlu góðu dygðir verða sjálfsagðan hluta af námsskrá bæði grunnskóla og leikskóla sem síðan smitast út í allt þjóðlífið.

Með von um góðar undirtektir og muna að góðir hlutir gerast hægt.

Stjórn foreldrafélags Síðusels:

Jónína F. Jóhannesdóttir, formaður

Elva Haraldsdóttir

Guðbjörg Þorvaldsdóttir

Halldóra Stefánsdóttir

Hannes Pétursson

Hugrún Dögg Harðardóttir

Linda Egilsdóttir

Ferðalagið

Höfundur lags og texta Arnór Brynjar Vilbergsson

Á fljúgandi ferð um bæinn minn,
á fljúgandi ferð um bæinn minn.
Læri að meta dygðir sem geta,
dálítið strik sett í lífsleikinn.

Tólf sæta vagninn er líkaminn,
tólf sæta vagninn er líkaminn.
Fullur af dygðum, já allskonar dygðum,
kraftinn frá þeim ég stöðugt finn.

Ég er strætóbílstjórinn.
Jibbirí júlíó.

Áreiðanleiki, þolinmæði,
samkennd og ábyrgð, hugrekki,
Hjálpssemi' og glaðværð, sjö saman sitja,
Vá! hvað er gaman á aftasta bekk.

Ég er strætóbílstjórinn.
Jibbirí júlíó.

Kurteisi, virðing, vingjarnleiki,
sköpunargleði og hófsemi.
Ferðin að fefjast og allar þær krefjast
að við syngjum öll þetta ferðalag.

Ég er strætóbílstjórinn.
Jibbirí júlíó.

Sköpunargleði

Myndasýrpan er dæmi um hvernig hægt er að vinna með hugtakið sköpunargleði. Myndirnar tók Sigríður Fossdal leikskólakennari í leikskólanum Sannubóli. Leikskólinn var nýbúinn að eignast einingarkubba og Steinunn María, 4,8 ára, var að sjá kubbana í fyrsta skipti, Sigríður ákvað að fylgja Steinunni Maríu eftir frá því hún byrjar að byggja, í þeim tilgangi að sjá hvernig hún nálgast efniviðinn og hvað hún gerði við hann.

Steinunn María var mjög hrifin þegar hún sá kubbana, hún gekk beint að þeim og settist á gólfið og byrjaði að byggja. Sjö önnur börn voru í hópnum en ekkert þeirra, fyrir utan Steinunni Maríu, sýndi kubbunum áhuga, þau fóru í leik með önnur leikföng.

Kubbarir virðast heilla Steinunni algjörlega og ekkert raskaði einbeitingu hennar á meðan hún skapaði listaverkið sem myndirnar sína. Það tók Steinunni um einn og hálfan tíma að vinna verkið, hún fékk allan þann tíma sem hún vildi án truflunar frá öðrum.

					
Mynd 1	Mynd 2	Mynd 3	Mynd 4	Mynd 5	
					Mynd 10
Mynd 6	Mynd 7	Mynd 8	Mynd 9		

 Mynd 11	 Mynd 12	 Mynd 13	 Mynd 14	 Mynd 15
 Mynd 16	 Mynd 17			

AÐ VERA HUGRAKKUR

EFTIR 4-5 ÁRA BÖRN Í SNÆUGLUHÓP LEIKSKÓLANUM KRÓGABÓLI

ER

AÐ BAKA

AÐ KLIFRA UPP VEGGI

AÐ KLIFRA UPP STÓRA KLETTA

AÐ FARA Í LOFTBELG

AÐ SMAKKA

AÐ SLÖKKVA ELD

AÐ TALA Í TALSTÖÐ

AÐ KLIFRA UPP Á STÓRT HÚS.



Ef lýðræðið á að virka þarf að ríkja sterk
siðfræðivitund meðal fólksins, til þess þarf
öflugt menntakerfa, þar sem lýðræðisleg
hugsun er æfð.

Thomas Jefferson (1743-1826)

